VERKALÝÐS BLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Chile - 5 ár:
Mótmælastaða í miðbænum

Í tilefni fimm ára valdaafmælis Pinochet - herforingjastjórnarinnar í Chile, mun EIK(m-l) gangast fyrir mótmælastöðu og dreifingu dreifirits í Austurstræti þann 8. september, milli klukkan 16 og 19. Verkalýðsblaðið hvetur lesendur sína til að koma við í miðbænum á þessum tíma og sýna með því samstöðu sína við baráttu alþýðunnar í Chile gegn kúgurum sínum.
Sjá grein á bls. 2

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

16. tbl. 4. árg 5. - 19. sept. 1978 150 kr

Mótmæli starfsfólksins lofsverð

— Óánægja starfsfólks Ísbjarnarins er ákaflega eðlileg, en ég álít hins vegar að hér sé ekki um neitt einkamál Ísbjarnarins að ræða, heldur þátt í deilu frystihúsanna allra við ríkisvaldið. Síðan er í uppsiglingu deila verka-

— segir Guðmundur J. um mótmælaaðgerðir

Hins vegar voru mótmæli starfsfólksins mjög lofsverð. Það efndi til setuverkfalls í vinnutímanum, þar sem það ræddi um sín mál. Þar voru samþykkt mótmæli gegn fyrirhuguðum uppsögnum og

Verkalýðsforystan studdi eigendurna

Ummæli Guðmundar J. í Þjóðviljanum. Hér mælir hann gegn verkafólkinu í Ísbirninum og gegn aðgerðum verkafólks. Hvað er um að vera? Þegar verkafólk í einu frystihúsi grípur til aðgerða til að hindra það að húsinu verði lokað og fólkinu kastað á dyr, þá mætir sú aðgerð andstöðu forystu Dagsbrúnar og Framsóknar. Þá eru eigendur Ísbjarnarins ekki orðnir andstæðingar heldur SH og SÍS og aðgerðirnar mega ekki bitna á þessu eina frystihúsi!

Hvað segir Guðmundur J.? "Auk þess dreg ég mjög í efa gildi þess að stöðva vinnu eða setja á yfirvinnubann hjá einu fyrirtæki. Þetta mál þarf að takast á við á miklu breiðari grundvelli, þar sem öll slík hús koma til álita". Jú, Guðmundur dregur úr aðgerðum fólksins í einu húsanna, en hvetur ekki til aðgerða víðar. Hann letur aðgerðir af því tagi sem urðu í Ísbirninum, af því að í slíkum aðgerðum getur hann ekki verið með í ráðum sem fulltrúi þeirra "ábyrgu". Hann vill láta fólkið trúa því að óvinurinn sé einhver annar en eigendurnir, auðherrarnir, sem eiga m.a. Ísbjörninn. Hann heldur að hann geti þetta af því að fólk viti ekki að SH er Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna, þ.e. samsteypa þeirra og SÍS rekur fjölmörg eigin frystihús, sem Sjávarafurðadeild SÍS flytur út fyrir. Hvernig ætlar Guðmundur J. verkafólki í frystihúsunum að berjast gegn SH og SÍS ef ekki gegn eigendum frystihúsanna? Hvers vegna er það svo slæmt Guðmundur J. að eitt frystihúsanna byrji aðgerðirnar gegn SH og SÍS? Enginn hefur séð að þú og þínir líkar séu líklegir til þess.

Við vitum að hvar sem verkafólk grípur sjálft til aðgerða gegn atvinnurekendum, þá er og verður það helsta vörn atvinnurekendanna að sækja Guðmund J. á meðan hann og hans líkir sitja í valdastólum íslenskrar verkalýðshreyfingar. Stéttasamvinna hefur þetta verið kallað og kallast enn. Einn helsti málsvari stéttasamvinnustefnunnar nú í dag er einmitt Guðmundur J. Gegn honum og hans líkum verður að berjast. Þá verður að afhjúpa miskunnarlaust.

Ný ríkisstjórn GEGN VERKAFÓLKI FYRIR ATVINNUREKENDUR

Þegar blaðið fór í prentun, var nýbúið að samþykkja málefnasamning nýrrar ríkisstjórnar Alþýðuflokks, Framsóknar og Alþýðubandalags. Í ljósi þeirra frétta sem þegar hafa fengist, er hægt að greina helstu þætti stjórnarsamkomulagsins.

GENGISFELLING - VERÐSTÖÐVUN.

Gengi krónunnar verður fellt um a.m.k. 15% til aðstoðar útflutningsatvinnuvegunum. Gengislækkun orsakar verðhækkun flestra vara, sérstaklega erlendra. Það fé borgar fyrst og fremst alþýða manna. Á móti er lofað niðurfellingu söluskatts af matvælum og niðurgreiðslum sem samsvarar 10% í vísitölu verðbóta. Ljóst er að þessar aðgerðir geta engan veginn bætt áhrif gengisfellingarinnar á verðlagið, enda er þeim einungis ætlað að koma að hluta í veg fyrir þær hækkanir sem ekki hefðu orðið. Þessi hluti efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar er því augljóslega árás á kjör vinnandi fólks. Samhliða þessu mun ríkisvaldið veita milljörðum króna beint til atvinnurekenda með lánum og styrkjum, en aðstoða þá við fjárfestingar og skipulagningu með nýjum stofnunum, sbr. loforð um "Fjárfestingarstofnun".

AUKINN KAUPMÁTTUR? - ER SAMNINGSRÉTTURINN VIRTUR?

Meginaðgerðir ríkisstjórnarinnar í launamálum verða þær, að annars vegar verður sett "þak" á vísitölubætur - þ.e. laun hærri en 233 þús. verða aðeins bætt um ákveðna krónutölu. Hins vegar á að framlengja núverandi kjarasamninga um eitt ár, til 1.des. '79. Auk þess hefur verið talað utan að því, að opinberir starfsmenn gefi eftir eina áfangahækkun, að vísu gegn nokkuð rímkuðum samningsrétti.

Um þetta er eftirfarandi að segja:
1) Þessi atriði tákna brot á frjálsum samningsrétti stéttarfélaganna og sívaxandi og óæskileg afskipti ríkisvaldsins af gerðum samningum, og eru sama eðlis og bráðabirgðalög hægri stjórnarinnar. Sá er aðeins munurinn, að nú er þetta gert í samráði við stéttasamvinnuforingjana og brotin ekki jafn gróf, vegna harðvítugrar andstöðu verkafólks.

framh. á baksíðu

Nýja ríkisstjórnin er spegilmynd þeirrar gömlu.

Aðgerðir 21. ágúst-hreyfingarinnar:
Glæsilegur áfangasigur

Aðgerðir 21. ágúst-hreyfingarinnar tókust með afbrigðum vel og voru glæsilegur áfangasigur í baráttunni gegn allri heimsvaldastefnu og baráttunni fyrir stuðningi við Tékka og Slóvaka. Þetta er niðurstaðan eftir að 21. ágúst-hreyfingin hafði staðið fyrir vel heppnuðum útifundi, mótmælagöngu um miðborgina, baráttufundi um kvöldið og loks dansleik.

ÚTIFUNDURINN

Útifundur hreyfingarinnar hófst kl. 16.30 og hafði þá safnast nokkur fjöldi manna í kringum Bernhöftstorfuna. Voru þar haldin nokkur ávörp, hreyfingin kynnt, dagskrá innifundarins um kvöldið kynnt og lesin, sönghópur söng og æfð vígorð. Á meðan á fundinum stóð var í gangi mikil dreifingarherferð í miðborginni, svo og sala merkja, bæklinga og plakata. Fundurinn stóð til kl. 17.15, og var þá kominn talsverður fjöldi á staðinn. Athygli vakti að popparar "lýðræðissinnaðrar æsku" gerðu talsvert til að trufla útifundinn með því að þenja tól sín. Varð það þó ekki til teljandi vandræða, enda ræðumenn sterkraddaðir og gjallarhorn hátt stillt.

KRÖFUGANGA

Kl. 17.15 hélt kröfuganga af stað frá Bernhöftstorfu. Var gengið sem leið liggur yfir Lækjartorg, vestur Austurstræti, Aðalstræti og upp að sovéska sendiráðinu, þar sem útifundur SHA fór fram. Í göngu 21. ágúst-hreyfingarinnar tóku þátt 180 manns, og hlýtur það að teljast með afbrigðum gott, miðað við það að ákvörðun um gönguna var ekki tekin fyrr en á útifundinum, sem einnig hafði verið fremur lítið auglýstur, amk. ef miðað er við auglýsingaherferð "lýðræðissinnaðrar æsku" og Samtaka herstöðvaandstæðinga. Gangan vakti mikla athygli í miðborginni fyrir hressileg vígorðahróp sín og kröftugan söng.

BARÁTTUFUNDURINN

Kl. 20.00 var Lindarbær opnaður fyrir gesti á baráttufund 21. ágúst-hreyfingarinnar. Hálftíma síðar hófst dagskráin. Dagskráin var mjög vel gerð, sambland gamans og alvöru, pólitísks baráttuanda og kímni. Menningaratriði voru góð og settu svip sinn á dagskrána. Ræður og ávörp voru góð. Aðalræðu kvöldsins hélt Ómar Harðarson, prentari. Fjallaði hann um Tékkóslóvakíu, sögu landsins og innrásina 1968. Ávörp voru flutt af Matthíasi Sæmundssyni, sem flutti setningarávarp f.h. framkvæmdanefndar hreyfingarinnar, Pétri Gunnarssyni rithöfundi, sem fjallaði um menningarkúgun og fleira, Nönnu Atladóttur, sem ræddi Stríðshættuna og heimsvaldastefnu risaveldanna, Sigurði Jóni Ólafssyni, sem talaði um lýðréttindi og mannréttindabaráttu, Ingólfi Gíslasyni félaga í Kópavogshópi SHA, sem ræddi um baráttuna gegn hernum og NATÓ.

Af menningaratriðum ber fyrst að nefna samlestur leikaranna Sigurðar Skúlasonar, Jóns Júlíussonar og Everts Ingólfssonar úr blöðum og tímaritum frá 1968. Sönghópur 21. ágúst-hreyfingarinnar söng tvö lög, ÁGÚST '68 og SÖNG VARSJÁRBORGAR, og tókst vel þrátt fyrir stuttan tíma til æfinga og undirbúnings. Pétur Guðlaugsson söng einsöng, ljóðið "ÁKALL FRÁ TÉKKNESKUM FÉLAGA við eigið lag. Ljóðið var eftir Guðmund Sæmundsson. Pétur lauk samningu lagsins aðeins degi fyrir 21. ágúst svo að flutningurinn var dálítið óæfður, en lagið var gott. Verður gaman að heyra Pétur syngja þetta lag síðar, þegar hann hefur fengið tíma til að æfa sig betur. Einar Bragi, skáld, ræddi um afstöðuna til Sovétríkjanna og las nokkrar eigin ljóðaþýðingar, mjög eftirminnileg ljóð og sterk. Þá var samsöngur á nokkrum góðum söngtextum, og tóku allflestir undir.

Skylt er að geta atriða, sem skotið var inn í dagskrána á víð og dreif, fólki til mikillar kátínu. Það voru pólitískir brandarar, sem Guðrún Árný Guðmundsdóttir 11 ára, flutti. Sniðugt uppátæki, vel flutt og upplífgandi.

Fjáröflun á fundinum fór fram í formi happdrættis . Í upphafi flutti annar happdrættisstjórinn, Ólafur Ingólfsson, magnaða fjármálahugvekju, og í lok fundar var dregið um tíu góða vinninga, bækur, hljómplötur og myndir. Aðalvinningurinn var grafíkmynd eftir listamanninn Sigurð Þóri, en hann hafði gefið

Framhald á bls. 3.

Hér sést 180 manna ganga 21. ágúst-hreyfingarinnar á leið á fund Samtaka herstöðvaandstæðinga við sovéska sendiráðið.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ÖREIGAR ÖLL LANDA ALLRA LANDA SAMEINIST!

Fyrstu söfnun lokið
Nýtt átak fyrir Október-forlagið

Ótrúlega vel hefur gengið við fjársöfnun þá til styrktar Októberforlaginu, sem hleypt var nýlega af stokkunum. Strax um miðjan ágúst var markinu, 300 þ. kr., náð, en því átti upphaflega að ná fyrir 1. okt. Munar þar mest um átak það sem gert var á Sumarbúðum Verkalýðsblaðsins og verður dyggum stuðningsmönnum forlagsins seint fullþakkað. Hér með er þessari lotu í söfnuninni lokið, og hefur hún þá farið um 11% yfir markið, eða í 332.980.-kr.

En betur má ef duga skal. Þessi góði árangur hefur sannfært forlagsráð um það, að markið má setja hærra, og er raunar full nauðsyn á, ef forlagið og búðin eiga að geta gegnt sínu hlutverki við byggingu nýs kommúnísks flokks fyrir 1980. Þar eru mörg brýn verk að vinna og fylgist þar að pólitísk og menningarleg uppfræðsla fjöldans og styrking á innviðum þeirrar hreyfingar sem þegar er fyrir hendi sem besti fulltrúi og valkostur verkalýðsins.

Einmitt nú ber mikla nauðsyn til að efla grundvöll búðarinnar að Óðinsgötu 30 og auka úrval og fjölbreytni þess sem á boðstólum er. Enn um sinn fást þar aðeins bækur og plötur og það í of smáum stíl miðað við þær aðstæður sem nú ríkja: skýrara kreppuástand og stríðshættu. Eins mætti hafa þar fleiri vörur á boðstólum.

Því hefur nú verið ákveðið að hefja nýja söfnun, einnig 300 þúsund, sem rennur til eflingar búðarinnar og til eflingar á dreifingarkerfi forlagsins. Sú söfnun stendur til 1. des. næstkomandi. Hún er nauðsynleg fyrir Október, hún er nauðsynleg fyrir þig lesandi góður. Líttu við á Óðinsgötu 30 eða hjá umboðsmönnum og styrktu sjálfan þig gegnum forlagið og dreifikerfi þess.

Samtíningur

Jæja, Stéttabaráttan komin aftur úr sumarfríi. Hverju kynntust þeir á Stéttabaráttunni í fríinu. Jú þeir fréttu um það af fréttatilkynningu frá SHA að 21. ágúst væri aðgerðadagur, en að marx-lenínistar og framsækið fólk um allan heim væri að vinna að því að gera þennan dag að baráttudegi gegn allri heimsvaldastefnu og stríðsundirbúningi risaveldanna, það fréttist ekki á ritstjórn Stb. Um 21. ágúst hreyfinguna hafði ekkert fréttst - eða var línan að þegja um þá hreyfingu? Og svo Dufþakur. Þess skrifari harmar deilur Víetnam og Kamputseu og ekki mega marx-lenínistar né aðrir taka einhlýta afstöðu gegn þeim sem ráðast á marx-lenínismann í deilu Kína og Albaníu. Það er óhætt að segja að þótt fríið hjá Stéttabaráttunni hafi verið langt þá lærðist lítið.

Tveir góðir

Í Dagblaðinu gat að líta rétt fyrir 21. ágúst nokkur gullkorn "vinstri" Fylkingar- og Alþýðubandalagsmanna um Sovétríkin.

Ritstjóri Stúdentablaðsins fyrrverandi, Guðmundur Magnússon blaðamaður Dbl. skrifaði "frétt" um aðgerðir Samtaka herstöðvaandstæðinga (SHA) og 21. ágúst-hreyfingarinnar vegna hernáms Tékkóslóvakíu. Hann gat þess m.a. að SHA starfaði ekki með 21. ágúst-hreyfinunni vegna "fræðilegs ágreinings og mismunandi áherslna á ýmis atriði".

Blaðamaðurinn afrekar í einni setningu að fela þá staðreynd að SHA neitaði samvinnu - af því þau ynnu ekki með öðrum samtökum - og gera arðráns- og kúgunarstefnu Sovétauðvaldsins að "fræðilegu atriði". Fyrir honum er vesöld, kúgun og þjóðarmorð einstaklega fræðileg vandamál!

Við bætist svo speki Stefáns nokkurs Hjálmarssonar úr Háskóla Íslands. Fyrir honum eru Sovétríkin ekki auðvaldsríki heldur vanskapað verkalýðsríki". Efnahagskerfið er "sósíalískt" en stjórnkerfið "stalínskt skrifræði". Hvernig unnt er að skilja að gerð efnahagskerfis og ríkisvalds, reynir Stefán ekki að útskýra, en telur "pólitíska" byltingu í Sovétríkjunum nægja til breytinga.

Þegar alþýða manna reynir að botna í rugli rótæklinganna án árangurs, kemur í ljós að þeir skilja ekki einföldustu sannindi og standa einangraðir og fylgi rúnir.

EIK (m-l) eða AB - valið er auðvelt!

HVER ER KOSTANNA BESTUR?

Í umræðum við fólk heyra félagar EIK(m-l) margar röksemdir fyrir því að fólk telji ekki rétt að ganga í EIK(m-l) eða að það kjósi að styðja Alþýðubandalagið "þrátt fyrir allt".

Rök þessi eru flest þannig að unnt er að draga þau saman í eftirtalda bálka:

1. EIK(m-l) eru lítil, ung og tiltölulega óreynd samtök.
2. EIK(m-l) hafa ekki afl til að gera mikið í baráttu dagsins.
3. EIK(m-l) eyða of miklum tíma í umræður um fræðileg efni eða karp við önnur samtök.
4. Alþýðubandalagið er gallað en þé eini vettvangurinn þar sem menn geta starfað, bæði að ákv. baráttumálum og eins til að vinna fólk til fylgis við sósíalisma og kommúnisma.
5. Alþýðubandalagið er skársti kosturinn og eina mótvægið við íhaldið.

STÆRÐIN ER EKKI AÐALATRIÐIÐ

Reynslan af gangi þjóðmála og stéttabaráttu allra landa sýnir svo ekki verður um villst að það eru gæði stjórnmálastefnunnar sem vega þyngst í þróun stjórnmálasamtaka. Vissulega er baráttuafl stjórnmálahreyfingar án efa þungvægt í hverjum slag. En er það ekki einmitt rétt stjórnmálastefna sem beinir aflinu á rétta staði og getur fylkt saman fjöldanum? Jú - og slíkt skýrir af hverju - lítil samtök geta virkjað stóran hóp og síðan stækkað sjálf. Til viðbótar þessum sannindum má benda á að stjórnmálaflokkur verkalýðsins sprettur ekki fram fullskapaður - hann þarf að þróa og byggja upp stig af stigi.

Af þessu öllu leiðir að menn verða að telja það eðlilegt að EIK(m-l) séu lítil samtök eftir rúmlega þriggja ára starf. Öðru fremur ætti það að hvetja fólk til að leggja þeim lið við flokksbygginguna - ef stefna samtakanna er rétt. Besti mælikvarðinn er árangur þeirra - svo sem umsvif, þátttaka í stéttabaráttunni, útgáfan, gagnsemi starfsins fyrir alþýðuna ofl. Almenn stefnuskrá er einnig til viðmiðunar. Gengi EIK(m-l) sýnir tvímælalaust að samtökin eru stuðnings virði.

NAUÐSYN NÝS FLOKKS

Kosningasirkusinn og kreppuógnir auðstéttarinnar sýna glöggt fram á nauðsyn raunverulegs verkalýðsflokks, sem getur leitt, vakið og skipulagt baráttu gegn innlendu og erlendu auðvaldi.

Þessi flokkur er reistur með markvissu og meðvituðu starfi. Í fyrsta lagi verður að afmarka flokkinn frá öllum flokkum og samtökum sem ekki hafa verkalýðssinnaða stefnu. Það er ekki hvað síst gert með hugmyndafræðilegri baráttu, þar sem marxlenínisminn er settur fram gegn tækifærisstefnu og falsmarxisma. Í upphafi vega er einsýnt að baráttan á þessu sviði er einna hörðust. Það skýrir áherslu EIK(m-l) á þetta atriði. Hvernig ættu EIK(m-l) að geta stækkað ef þau hæðu ekki harða hugmyndafræðilega baráttu? Margir hópar úr "Kommúnistaflokknum" og nokkrir einstaklingar úr Alþýðubandalaginu hafa þegar sameinast EIK(m-l).

Í öðru lagi verður að reisa flokkinn með þátttöku kommúnista í hvers kyns baráttu. Hún er ekki kleif án mótaðrar stefnu. Þess vegna verður að eyða miklum tíma í umræður og stefnumótun.

SKÝR AFMÖRKUN FRÁ ALÞÝÐUBANDALAGINU

Þegar þess er gætt að AB er lítt virkt bákn, án virkra grunneininga, án líðræðislegs miðstjórnarvalds og í raun kosninga- og þingsalaflokkur á borgaralega vísu - verða vonir manna um framsækna þróun innan AB að engu. Enn mikilvægari rök gegn þátttöku í og stuðningi við AB er stefna flokksins og ítök í verkalýðshreyfingunni. Verkalýðsforingjar AB eru meginstoðir stéttasamvinnunnar og borgaralegrar stefnuboðunar í verkalýðshreyfingunni. Og flokkurinn keppist við að bjarga auðvaldinu úr kreppunni í nafni "sósíalismans". Hann elur á tálvonum um"friðareðli" hins sovéska ríkisauðvalds og þannig mætti lengi telja. Það er rangt að taka þátt í að halda uppi þessari fölsku mynd af "sósíalisma, verkalýðshyggju og þjóðfrelsi", en rétt að segja algjörlega slitið við hana. Þannig opnar maður best augu framsækins fólks, þannig eflir maður best kommúníska hreyfingu og þannig veikir maður mest AB sem stendur í vegi fyrir byltingasinnaðri baráttu. En gera verður skýran greinarmun á flokknum og forystu hans annars vegar og almennum flokksfélögum hins vegar. Meðal þeirra er þorrinn væntanlegir liðs- og stuðningsmenn framsækinnar baráttu. Þess vegna hafna EIK(m-l) samstöðu með flokknum og forystunni en samfylkja með einstökum AB-mönnum. Þátttaka félaga og stuðningsfólks AB í slíkum samfylkingum og stuðningur við EIK(m-l) er í raun eina leiðin til endanlegs uppgjörs við AB og ranga stefnu flokksins.

Kommúnistaflokkurinn 1930 - 1938 varð til í baráttu við Alþýðuflokkinn m.a. - og vísir hans var ekki stór í upphafi. Það besta úr hefðum hans lifir enn og manar okkur til athafna.

„KFÍ/ML" SVARAR - athugasemdir frá framhvæmdanefnd miðstjórnar EIK(m-l)

Reykjavík 23.8.1978

Til miðstjórnar "KFÍ/ML"

EIK(m-l) barst bréf "Kommúnistaflokksins" dagsett 2.8. 1978. Er það bráðabirgðasvar við opnu bréfi EIK(m-l) um skilyrði fyrir viðræðum og ef til vill sameiningu beggja samtakanna (sjá VBL nr. 14).

Bréf "KFÍ/ML" táknar ekkert nýtt, heldur er það til þess fallið að teygja lopann. Meginatriði bréfs "KFÍ/ML" eru þessi.

1. "KFÍ/ML" telur það hæpinn grundvöll fyrir sameiningu að EIK(m-l) skuli líta á "flokkinn" sem hentistefnu- og endurskoðunarsinnuð samtök, sem sveiflast milli "vinstri" og hægri afstöðu. "KFÍ/ML" telur forsendur sameiningar vera þær að EIK(m-l) líti á "flokkinn" sem marx-leníníska kommúnistaflokk, enda líti "KFÍ/ML" á EIK(m-l) sem marx-leníníska samtök.
2. "KFÍ/ML" álítur bréf EIK(m-l) bera vott um að horfið sé frá þeirri afstöðu EIK(m-l) - sem tekin var eftir að "flokkurinn" svaraði ekki sameiningargrundvelli EIK (m-l) - að hafa ekki samvinnu við "KFÍ/ML" sem samtök.
3. "KFÍ/ML" telur að til sameiningar samtakanna þurfi málefnalega og starfslega einingu, opinskáar og heiðarlegar viðræður, aukið samstarf og gagnkvæman skilning samtakanna í milli, samhæfingu stefnunnar ofl. Í ljósi þessa óskar "flokkurinn" eftir sameingarráðstefnu félaga samtakanna og ef til vill stuðningsmanna eða einhvers konar ráðstefnu beggja samtakanna.

Framkvæmdanefnd miðstjórnar EIK(m-l) gerir eftirfarandi athugasemdir við þessi atriði:

1. Greining EIK(m-l) á "KFÍ/ML" er byggð á nákvæmri athugun á stefnu og starfi "KFÍ/ML" og forvera hans KSML. Sú greining er sannleikanum samkvæm og er reyndar besti mælikvarðinn á núverandi eðli og eiginleika "KFÍ/ML". Meðan "flokkurinn" þráast við að taka rétta afstöðu til kofrangrar og yfirleitt afturhaldssamrar stefnu og starfs KSML, meðan hann þráast við að gera upp við núverandi henti- og endurskoðunarstefnu, er neikvæð afstaða okkar til "flokksins" rétt. Hins vegar gæti EIK(m-l) horfið frá afstöðu sinni ef "KFÍ/ML" gerði upp við fortíð sína og röng atriði eigin stefnu og starfs. Og það er einmitt slíkt uppgjör sem EIK(m-l) og framsækið fólk heimtar. Komi það fram í raun og veru, tekur "flokkurinn" afgerandi skref yfir markalínuna sem skilur að marx-lenínismann/kenningar Maó Tsetungs annars vegar og henti- og endurskoðunarstefnuna hins vegar. Við slíkar aðstæður er ekkert rangt við að EIK(m-l) stíli opið bréf um sameiningu með ákveðnum kröfum til hentistefnu og endurskoðunarsinnaðra samtaka þegar barátta marx-lenínismans/kenninga Maó Tsetungs og endurskoðunarstefnu fer fram innan þeirra.

   Greining okkar á "KFÍ/ML" er ófrávíkjanleg sem og núverandi afstaða okkar til "flokksins" meðan hann hjakkar í núverandi fari. Jafnréttisgrundvöllur samtakanna verður hins vegar til um leið og "KFÍ/ML" tekur afstöðu með greiningu EIK (m-l) og mati.
2. Bréf EIK(m-l) táknar alls ekki að samtökin vinni með, ræði við óopinberlega eða hafi samráð við "KFÍ/ML" að svo komnu máli. Með bréfinu eru settar fram kröfur á hendur "flokknum" og honum gefið tækifæri til þess að sýna að hann sé kleifur samstarfsaðili. Við byggjum þessa hörðu afstöðu okkar á því að afhjúpa verði og marka andstæður milli marx-lenínismans/kenninga Maó Tsetungs annars vegar og henti- og endurskoðunarstefnu hins vegar af fullri festu. Skrif "KFÍ/ML" um"fjandskap, þroskaleysi, hroka, grunnfærni, og ábyrgðaleysi" EIK(m-l) breytir engu um þetta og kemur "flokknum" sjálfum í koll.
3. EIK(m-l) hafna skilyrðislaust öllum tillögum um samhæfingu stefnu, um viðræður, samstarf osfrv. fyrr en svar "KFÍ/ML" við opna bréfinu liggur fyrir. Auðvitað er samstarf, viðræður ofl. liðir í að sameina samtökin, en slíkar aðgerðir og sameining kemur aðeins til greina ef "KFÍ/ML" samþykkir í öllum höfuðatriðum sameiningargrundvöll EIK (m-l) og alþjóðaályktunina, sbr. opna bréfið. Tillaga um sameiginlega félagaráðstefnu er ekki á dagskrá fyrr en eftir að svar "flokksins" við opna bréfinu hefur borist opinberlega.

EIK(m-l) hafa gefið út geysimikið magn prentaðs máls um stefnu og starf KSML/"KFÍ/ML" og haldið allmarga fundi með fulltrúum samtakanna (fjórir til á segulböndum). Ekkert af þessu hefur dugað til fulls. - Í stað endurtekningar á slíku t.d. lokaðri félagaráðstefnu, er nú krafist í síðasta sinn skýrra og altækra svara frá "KFÍ/ML". Þau ein geta sýnt að "flokknum" sé alvara og liggi gott til með tal sitt um sameiningu samtakanna.

EIK(m-l) eru að sjálfsögðu ávallt reiðubúin til þess að mæta "KFÍ/ML" á opnum kappræðufundum um sameiningu ísl. kommúnista.

EIK(m-l) bíða svara ykkar við opna bréfinu til 1. okt. að öllu óbreyttu.

f.h. framkvæmdanefndar miðstj. EIK(m-l)
Ari T. Guðmundsson

CHILE: 5 ára ógnarstjórn

Þann 11. september næstkomandi eru liðin fimm ár frá valdatöku fasista á Chile. Þessi fimm ár hafa verið ár grimmilegrar kúgunar á alþýðu Chile, þar sem öll andstaða er umsvifalaust bæld niður af mikilli hörku. Pinochet herforingjastjórnin hrifsaði til sín völdin með dyggilegri aðstoð bandarísku leyniþjónustunnar, CIA þar sem Bandaríkjastjórn var orðin uggandi yfir hagsmunum sínum í Chile, og sá þeim betur borgið með fasísku stjórnarfari í landinu.

Stjórn Allendes (1970-1973) taldi sig koma á sósíalisma eftir friðsamlegum leiðum, afleiðingin var sú að alþýðan var afvopnuð, og stóð síðan varnarlaus gagnvart valdatöku fasistanna. Atburðirnir í Chile kenna okkur enn einu sinni að nauðsynlegt er að alþýðan vopnist ef

Framhald á bls. 3.

Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum

Verkfallið í Ísbirninum:

Guðmundur J. gegn verkafólkinu

Mánudaginn 14.ágúst lagði starfsfólk frystihússins Ísbjarnarins h/f niður vinnu kl.14^{00} í mótmælaskyni við fyrirhugaða lokun hússins þann 1.september n.k. Var þegar haldinn fundur þar sem rætt var hvort rétt væri að fara út í áframhaldandi aðgerðir og þá hverskonar aðgerðir. Var ákveðið að boðað skyldi til yfirvinnubanns frá og með þriðjudeginum 15.ágúst. Krafa starfsfólksins var að húsinu yrði ekki lokað 1.sept. Var ákveðið að gefa eigendum frest til fimmtudagsmorguns 17. ágúst til að svara starfsfólkinu. Ef svar yrði ekkert eða neikvætt yrði gripið til harðari aðgerða.

Guðmundur J. kemur á vettvang.

Á meðan á fundinum stóð, sá einn eigendanna sér þann kost vænstan að ná í Guðmund J. Guðmundsson varaformann Dagsbrúnar. Kom Guðmundur inn á fundinn þegar allar ákvarðanir höfðu verið teknar. Byrjaði hann strax að letja og draga úr. Hann sagði að engum hefði nú verið sagt upp ennþá. Verkamannasambandið ætlaði hvort eð er að mótmæla þessu og eigendurnir væru nú ekki að segja fólkinu upp af mannvonsku einni. Þegar Guðmundur áttaði sig á því að fólkið var búið að ákveða aðgerðirnar, kvaddi hann og fór. Sagði hann að þau kæmu frá Dagsbrún og Framsókn daginn eftir og töluðu við fólkið.

Þriðjudaginn 15.ágúst komu þau Guðmundur J. og Þórunn Valdimarsdóttir formaður Framsóknar og héldu fund með starfsfólkinu kl. 13^{00}. Talaði þá Guðmundur og réðist nú grímulaust gegn aðgerðum starfsfólksins. Sagði hann að þær myndu hafa það í för með sér að húsinu yrði lokað fyrir 1.september og það myndi síðan opna seinna en önnur frystihús, togararnir myndu sigla með aflann, rangt væri að eitt frystihús tæki sig út úr, baráttunni ætti ekki að beina gegn eigendum þessa frystihúss heldur SH og ríkisvaldinu (les. ríkisstjórninni). Auk þess taldi Guðmundur þessar uppsagnir ólöglegar og ætlaði Verkamannasambandið að athuga málið. Lauk hann máli sínu með því að segja að þeir hættu bara klukkan 5 sem vildu en aðrir ynnu til kl. 7. - Einnig talaði yfirverkstjórinn og sagði að ekki vildi hann taka ábyrgð á því að valda skemmdum á aflanum fyrir tugmilljónir og skoraði hann því á fólk að vinna til kl.7. Kom þá fram tillaga frá einum verkamannanna þess efnis að áður boðaðar aðgerðir skyldu áfram vera í gildi. Var hún borin undir atkvæði og greiddu um 25 manns atkvæði með henni en 4 eða 5 á móti. Hinir sátu hjá. Var þá þeim fundi slitið.

Klukkan 5 hættu síðan milli 30 og 40 manns, en aðrir unnu til kl.7. Þar sem ekki stærri hluti fólksins hætti kl.5 fyrri daginn, má segja að aðgerðirnar hafi þá dottið upp fyrir.

Hvað er hægt að læra af þessum aðgerðum?

Í fyrsta lagi það, að rétt var að fara út í þessar aðgerðir vegna þess að hér var um að ræða baráttu sjálfs verkafólksins, sem er það eina sem tryggt getur sigur. Aðgerðirnar voru mikilvægt fordæmi og sigur hefði haft mikla þýðingu í baráttu gegn atvinnuleysi og uppsögnum. Í öðru lagi má læra af þessum aðgerðum að forysta Dagsbrúnar og Framsóknar er óvinur verkafólks. Þessar aðgerðir voru eitt af mörgum dæmum þess hvernig verkalýðsforystan ræðst gegn baráttu verkafólks, sem það skipuleggur sjálft. Guðmundur og Þórunn Valdimarsdóttir eiga engra hagsmuna að gæta með verkafólki, þvert á móti eiga þau þá sameiginlega



hagsmuni með atvinnurekendum að ráðast gegn sjálfsögðum aðgerðum sem þessum. Í þessum aðgerðum sást vel hvað eigendurnir bera mikið traust til Guðmundar J. þegar þeir keyra eftir honum og sækja hann í þeim eina tilgangi að reyna að brjóta aðgerðirnar á bak aftur. Það skal því ítrekað hér, sem áður hefur komið fram í Verkalýðsblaðinu, að forysta Dagsbrúnar og Framsóknar er ósættanlegur andstæðingur verkafólks. Hún mun alltaf koma til með að beita sér gegn réttlátum aðgerðum verkafólks. Þar af leiðandi er það höfuðnauðsyn að verkafólk taki upp eigin baráttu, óháð verkalýðsforystunni og skipuleggi hana sjálft. Það er eina leiðin til að árangurs megi vænta og verkafólk beri sigur úr bítum.

Varðandi aðgerðirnar sjálfar þá má segja að réttara hefði verið að boða yfirvinnubann frá og með því að frestur inn rann út, þar sem ekki voru allir sammála um að boða það strax daginn eftir. Hefði það bæði þjappað fólkinu meira saman og er það meira í samræmi við hefðir baráttunnar.

Stór villa var gerð þegar ekki var lögð nógu mikil áhersla á það daginn eftir setuverkfallið að þjappa fólki saman um ákvörðun mánudagsins. Það hefði verið hægt með samtölum við fólkið, umræðum um nauðsyn aðgerðanna og e.t.v. með dreifiriti. Af reynslu undangenginna ára og áratuga má læra það að nauðsynlegt er í aðgerðum sem þessum að verkafólkið kjósi nefnd úr sínum röðum (3-5 manna t.d.) til þess að vera málsvari fólksins út á við og gagnvart atvinnurekendum, sjá um að kalla fólkið saman þegar nauðsyn krefur, sem sagt vera framkvæmdarnefnd aðgerðanna. Gæta verður þó þess að slík nefnd verði alltaf í nánum tengslum við fólkið og sé afsetjanleg hvenær sem er. Markmiðið er því að tryggja bæði lýðræði og góða stjórnun.

Eitt stórt atriði hvað varðar lærdóma af aðgerðunum er einnig mikilvægt, en það er það að andstæðurnar skerpstust á vinnustaðnum. Mun greinilegra er nú hverjir eru vinir og hverjir eru óvinir. T.d. er nú greinilegt hverjir lentu í andstöðu við aðgerðirnar og er það gott að sá hópur hefur afmarkað sig vel (hann er mjög fámennur) upp á aðgerðir seinna.

Í heild má segja að verkafólk sjái enn ekki nógu vel í gegnum verkalýðsforystuna. Bendir það til þess að herða verður áróðurinn fyrir baráttustefnunni og gegn stéttasamvinnunni. Mikilvægt er að verkafólkið dragi sjálft saman reynsluna af aðgerðunum og meti hvað hægt er að læra af þeim, því án þess munum við vaða í sömu villurnar aftur og aftur.

Fréttaritari.

Framhald af forsíðu.

hana í happdrættið. Í þessu happdrætti komu inn hvorki meira né minna en rúmlega 170 þúsund krónur!

Kl. 22.45 var baráttufundinum slitið með ávarpi Arnórs Sighvatssonar, varaformanns hreyfingarinnar, sem sló því föstu, að þessi fundur og aðgerðir dagsins hefðu verið glæsilegur áfangasigur. Þakkaði hann öllum sem hefðu lagt sitt af mörkum, og hvatti alla til að taka þátt í baráttunni sem framundan væri. Var síðan sunginn alþjóðasöngur verkalýðsins.

Bríet Héðinsdóttir, leikari sá um kynningu dagskrár á baráttufundinum. Fórst henni það vel og röggsamlega af hendi.

DANSLEIKUR

AÐ lokum var dansað til klukkan rúmlega hálf eitt. Hljómsveitin TRIÓ 72 hélt uppi ágætri stemmingu. Fyrsta dansatriðið tengdist mjög baráttu dagsins, var þá sunginn TRÖLLASLAGUR HINN NÝI, og dansaður íslenskur víkivaki við. Tröllaslagur fjallar um heimsvaldaásælni risaveldanna tveggja. Sýndi þetta atriði einkar vel, að dans þarf ekki endilega að vera skrall, heldur má gæða hann pólitísku baráttuinnihaldi.

Í þessu tölublaði er birt ýmislegt af því efni sem flutt var í aðgerðum 21. ágúst-hreyfingarinnar. Í næsta blaði verður rætt við félaga í framkvæmdanefnd hreyfingarinnar um mat á aðgerðum og starfi hreyfingarinnar.

Framhald af bls. 2.

CHILE:

hún á að ná völdum - ekki í þeim tilgangi að gera blóðuga byltingu, heldur til að verjast blóðugum gagnbyltingum óvina sinna.

En alþýða Chile lætur ekki bugast, hún hefur skipulagt sig í fjöldahreyfinguna Frente DEL PUEBLO, (Alþýðusamfylkingin) gegn fasistunum og þeim öflum sem þá styðja.

Í tilefni fimm ára valdaafmælis fasistanna í Chile munu EIK(m-l) standa fyrir mótmælastöðu og dreifingu dreifirits í Austurstræti föstudaginn 8. september frá kl. 16 - 19, og með því votta alþýðu Chile stuðning sinn.

ARÐRÁN OG KREPPA 1. hluti

Það er engum hulið að það er kreppa í íslenskum efnahag, rétt eins og í öllum auðvaldsheiminum að A-Evrópu meðtalinni. Hvað veldur þessari kreppu? Í nokkrum greinum ætlum við að drepa á nokkur mikilvæg atriði varðandi kreppuna almennt og sértæka birtingarmynd hennar hérlendis.

Langflest auðvaldslandanna eru á þróunarstigi einokunar, þ.e. að mikilvægustu framleiðslugreinarnar eru einokaðar af fáum auðhringjum. Einokun merkir að innanlandsmarkaði er svo að segja endanlega skipt upp milli auðhringanna í yfirráðasvið. Frekari útþensla auðhringanna getur ekki orðið innanlands, þeir verða að sækja út fyrir landamörkin. Auðhringarnir flytja þá út fjármagn til fjárfestinga og því betur sem þeim tekst til með arðránið heima fyrir, þeim mun sterkari stöðu fá þeir á erlendum markaði til að auka enn á gróða sinn með arðráni á alþýðunni þar. Fjármagnsútflutningurinn fer fram bæði með því að flytja fjármagnið beint milli landa og einnig með því að flytja út vöru, en skila ekki til baka raunvirði vörunnar, heldur nota hluta fjárins til fjárfestinga erlendis.

"FRJÁLS MARKAÐUR"

Markaðseinkenni auðvaldsskipulagsins er svokallaður "frjáls markaður", þ.e. markaðurinn er ekki skipulagður af t.d. ríkisvaldinu, heldur lýtur hann lögmálum framboðs og eftirspurnar. Þessi "frjálsi markaður" er nú á dögum einokunarauðvalds alls ekki frjáls, þar sem hann er þrælbundinn af einokunarhringunum. Samkeppni er alveg horfin í mörgum framleiðslugreinum og er lítil annarstaðar. Auk þess hafa einokunarhringarnir tökin á ríkisvaldinu og beita því fyrir sig.

RÖSKUN EFTIRSPURNAR

Þegar eftirspurn eykst á ákveðnum vörum t.d. matvörum, er tilhneigingin sú að auðmagn flyst í þá framleiðslu vegna hækkaðs gróðahlutfalls þar, salan eykst og vöruverð hækkar vegna eftirspurnarinnar. Þetta leiðir til aukinnar framleiðslu, sem vegur upp eftirspurnina. Brátt er ekki lengur um það að ræða að framboðið fullnægi ekki eftirspurninni, heldur öfugt. Framboðið er of mikið. Samtímis hefur fjármagn verið flutt úr öðrum framleiðslugreinum, sem þýðir minni framleiðslu þar. Brátt leiðir það til aukinnar eftirspurnar á þeim vörutegundum. Þá hefst fjárstreymi á ný úr framleiðslugreinum, þar sem eftirspurnin er lítil til þeirrar sem býr við meiri eftirspurn. Þetta ferli kallar á röskun og ójafnvægi í framleiðslu, sem einkennist af offramleiðslu í sumum greinum en vanframleiðslu í öðrum. Viðbrögð auðhringanna við þessari reglubundnu röskun eru einlægt í þá átt að viðhalda gróða sínum. Þetta gera þeir t.d. með því að eyðileggja framleiðslu til að halda verðinu uppi, þótt eftirspurnin minnki. Þeir lækka ekki verðið, því að það myndi draga úr eftirspurn á öðrum vörum, vegna þess að aukin neysla á einu sviði dregur úr neyslu á öðrum sviðum.

ÚRRÆÐI AUÐHRINGANNA

Auðhringarnir reyna á alla lund að eyða þessum sveiflum í framleiðslunni. Þeir reyna að hafa áhrif á neysluvenjur með auglýsingatækni, beita ríkisvaldinu til þess að fjármagna gróðann, þ.e. greiða niður vöruna þegar eftirspurnin minnkar, þannig að auðhringarnir haldi gróðanum óskertum. Þetta þýðir auknar skattaálögur og þar með minnkaða kaupgetu alþýðunnar, sem svo aftur hefur áhrif á eftirspurnina o.s.frv.

Hingað til hefur auðhringunum ekki tekist að eyða þessum reglubundnu sveiflum í framleiðslunni, sem stafa af misræmi milli framboðs og eftirspurnar. Það eru þessar sveiflur, ásamt öllu því sem þeim fylgir, sem við köllum kreppur. Þessar kreppur koma aftur og aftur upp á yfirborðið. Í raun eru þær lögmálsbundið fyrirbrigði í auðvaldsskipulaginu - almennt fyrirbrigði, sem er sífellt að gerast.

Kreppan lýsir sjúkleika auðvaldsskipulagsins og á stigi einokunarauðvalds er þessi sjúkleiki komin á rotnunarstig, hann grefur undan skipulaginu sjálfu. Kreppurnar verða sífellt kröftugri og snerta sífellt fleiri þætti samfélagsins, og tilraunir einokunarauðvaldsins til þess að velta byrðum kreppunar yfir á alþýðuna verða sífellt grófari.

Kreppan fylgifiskur auðvaldsins

Greinarflokkur um Kína



"Það er enga olíu að finna í Kína. Kína hefur ekki þau jarðfræðilegu skilyrði sem olía verður til í". Þetta sögðu amerískir og sovéskir sérfræðingar. Kína þurfti að flytja inn svo að segja alla olíu, og eftir frelsun var olían flutt inn frá Sovétríkjunum.

"Járnmaðurinn" Wang Chin-hsi, hetjan frá Tatsíng, sem leiddi þá geysilegu uppbyggingu olíusvæðisins frá 1959, sem nú gefur Kína alla þá olíu sem landið þarfnast og meira til vildi ekki ansa þessu rugli erlendu sérfræðinganna. "Járnmaðurinn" Wang sagði: "Landið okkar nær yfir svo víðáttumikið landsvæði, að ég trúi því ekki að olíulindir séu aðeins að finna erlendis." Hann gerði sínar athuganir og dró ályktanir og fylgdi leiðbeiningum Maós formanns í ritverki hans "Um starfið". Kínverskir sérfræðingar hófu umfangsmiklar rannsóknir á jarðfræðilegum fyrirbrigðum í Kína og komust að raun um að til voru þau landsvæði þar sem líkur á olíu voru miklar. Kenningar þessara kínversku vísindamanna sannreyndust í Tatsíng og reyndar ekki aðeins þar, því a.m.k. 1o svæði önnur ámóta að stærð og Tatsíng hafa fundist.

WANG OG LIÐ HANS FER Á VETTVANG.

Þegar fréttist um fund olíusvæðisins árið 1959 bað "Járnmaðurinn" þegar um að fá að fara með lið sitt til Tatsíng til að bora. Leyfið fékkst og lið númer 1205 hélt með tæki sín til Heilunkíang í NA-Kína. Tæki þau sem lið 12o5 hafði til afnota voru fátækleg af því Kína á sér enga hefð í olíuborun og aðeins fá mjög lítil olíusvæði voru þá kunn og nytjuð. Auk þessa var landsvæðið í Heilungkíang erfitt yfirferðar, þar sem þar var fyrir óbyggð ein. Ekki var hægt að koma við dráttarvélum eða stórum vöruflutningabílum, svo að verkamennirnir urðu að draga 6o tonna olíuborturninn á handafli og setja hann upp. Þegar allt var tilbúið til borunar, en aðeins vantaði kælivatnið, sem notað er við borun, þá var engin dæla til staðar sem gæti dælt vatni úr stöðuvatni í 2 km fjarlægð. Þetta leystu verkamennirnir með því að handlanga vatn í fötum, vaskafötum og hjálmum þessa 2 km að turninum. Borunin gat hafist.

Fimm dögum síðar, 19.apríl 1960 streymdi olía upp úr fyrstu framleiðsluholunni og fögnuður verkamannanna braust út í samstemmdum hrópum "Lengi lifi Maó formaður". Í þessari baráttu var Wang Chin-hsi ódrepandi leiðtogi. Við þessar erfiðu aðstæður, þar sem vetrarkuldinn nær 2o-3o stiga frosti og aðstæður allar voru hinar verstu þurfti mikið afl og hugrekki til að halda áfram olíuboruninni. Wang sagði: "Þegar skilyrðin fyrir starfi okkar

TATSÍNG OLÍU-SVÆÐIÐ

eru ekki fyrir hendi þá verðum við að skapa þau og halda áfram þrátt fyrir allt." Fyrir þessa ódrepandi einurð fékk hann viðurnefnið "Járnmaðurinn" og nafnið "Járnmaðurinn" Wang varð landsþekkt og mikið fordæmi.

TATSÍNG ER Í DAG FYRIRMYND Í ALLRI IÐNAÐARUPPBYGGINGU.

Frá því 1960, að engin byggð var á því svæði sem nú heitir Tatsíng, en nafnið er tilkomið í fögnuðinum yfir fundi olíunnar og þýðir "Mikil hátíð", hefur vaxið upp 6oo þúsund manna byggð. Einkennandi fyrir byggðina í Tatsíng er að hún er hvorki borg né sveit, heldur sambland af hvoru tveggja. Þar er iðnaður og þjónusta eins og í borgunum, en þar er líka landbúnaður eins og í sveitunum. Byggðin er ekki samþjöppuð heldur dreifist yfir stórt svæði í mörgum smærri þorpum. Í hverri fjölskyldu eru bæði iðnaðarverkamenn og bændur.

IÐNI OG NÝTNI

Enginn Kínverji eyðir tímanum til einskis. Virðing fyrir eignum og efnum er mikil, engu er kastað að óþörfu. Í Tatsíng skoðuðum við bæði frítímaframleiðslu og endurframleiðslu. Að miklum hluta er landbúnaðarframleiðslan unnin í frístundum og þá skipulögð af hverri framleiðslueiningu sjálfri. Afrakstur ræktunarinnar rennur óskipt til framleiðendanna. Fyrir

VIÐTAL VIÐ VERKAME

Félagarnir í Tatsíng Yú Dai-Hai og Hó Da-Hsen.

Verkalýðsblaðið átti langt samtal við tvo olíuverkamenn um uppbygginguna í Tatsíng, pólitískt nám og þátttöku alþýðunnar í því, varnarviðbúnað og nærveruna við landamærin að Sovétríkjunum þar sem um 1 milljón sovéskra hermanna bíða undir vopnum. Við birtum hér örstuttan hluta úr þessu

Kínverskar konur vinna að endurframleiðslu.

alþýðuna er þessi framleiðsla mikils virði, hún tryggir sjálfstæði hennar og öryggi og hún léttir undir með uppbyggingu sósíalismans, og um leið er þetta fyrirmynd um það hvernig framtíðarskipulagið gæti litið út, þ.e. hver er sjálfum sér nægur, einstaklingur, eingingar og heildin, en þó allt nátengt og hvað öðru háð. Við sögðum frá því í síðustu grein hvernig lið Nr 49 væri sér nægt með grænmeti. Við skoðuðum verksmiðjur sem gera við bæði föt og tól. Í fataverksmiðjunni var allt í fullum gangi við viðgerðir á vetrarfötum, svo

21. ág : 180 í kröfugöngu - 200 á baráttufundi!

Í hinni marglitu hjörð sem í dag hefur fordæmt Sovétríkin og 1o ára gamla innrás þeirra í Tékkóslóvakíu, kennir margra grasa og ekki allt lífgrös. Til dæmis hafa sumir gert daginn að átyllu til að reka áróður fyrir hernaðarbandalagi kenndu við Atlandshaf og nauðsyn smáríkis til að skipa sér í hernaðarblokk með stórveldi. Hvernig dæmið um hernám Tékkóslóvakíu getur leitt til þessarar niðurstöðu er ekki alveg ljóst. Hið gagnstæða virðist raunar liggja í augum uppi, þ.e.a.s. erfiðleika smáríkis sem er þátttakandi í hernaðarbandalagi með stórveldi að taka upp stefnu andstæða stórveldinu og segja sig úr bandalagi við það. Ekkert virðist auðveldara en hernema landið á nýjanleik í nafni stórveldafrelsis og stórveldaréttlætis og finna þá leppa sem makka stórveldinu í hag. Í fréttunum heitir það að allt sé með kyrrum kjörum og ástandið sé aftur orðið eðlilegt.

Sovétríkin skipulögðu innrás í Tékkóslóvakíu af því þar var í gangi stjórnmálaþróun sem var andstæð þeim og gat vísað veginn fyrir alþýðu hinna leppríkjanna. Þeir leppar sem sovéska stjórnin setti aftur á tékkneska valdastóla, sitja þar enn. Tilgangur mótmæla eins og þessara er kannski fyrst og fremst að hrópa til Sovétríkjanna: "Geymt en ekki gleymt". Gleymskan er það afl sem allir stjórnglæpamenn vita að vinnur með þeim og almenningsálitið man stutt.

Samt er ekki ósennilegt að með innrásinni í Tékkóslóvakíu

Ávarp Péturs Gunnarssonar á Lindarbæjar fundinum:



Frá innifundi 21. ágúst-hreyfingarinnar í Lindarbæ.

„Sósíalismi með gæsalappir“

hafi sovéska íhaldið gleypt bita sem eigi eftir að standa lengi í þeim, jafnvel kæfa það. Því það var innrásin í Tékkóslóvakíu sem setti endanlega gæsalappir á "sósíalismann" í Sovétríkjunum.

Rússneska byltingin var fimmtug þegar Innrásin var gerð og öll þessi fimmtíu ár höfðu kommúnistar á Vesturlöndum tekið Sovétríkin góð og gild sem sósíalísk ríki og lokað öllum skilningarvitum fyrir andstæðum teiknum eða þá útskýrt þau burt með "sérstökum utanaðkomandi aðstæðum". Svarið var einlægt vítahringspulan: Sovétríkin eru sósíalísk og þess vegna er sá sem gagnrýnir þau agent fyrir kapitalismann. Sósíalísk nafnbót Sovétríkjanna virkaði sem allsherjar stikkfrí.

Eftir innrásina í Tékkóslóvakíu skiptir um og æsterkari verður sú viðleitni að líta á yfirgang Sovétríkjanna, ekki sem undantekningu frá sósíalisma, heldur markvissa framkvæmd kapítalisma og heimsvaldastefnu. Að rekja sovéska kúgun og sovéska valdbeitingu til eðlis sovésku samfélagsgerðarinnar. Innrásin í Tékkóslóvakíu opnaði augu almennings fyrir því að ríkiseign á framleiðslutækjum án virks lýðræðis alþýðunnar, er ekki sósíalismi heldur ríkiskapítalismi.

Enn vantar mikið á að öll kurl séu komin til grafar í þessu máli og enn er í mörgu ábótavant tilraunum okkar til að gera viðhlítandi grein fyrir eðli og þróun Sovétríkjanna. En þau blekkja engan lengur.

"Fyrir mér er sósíalismi eitthvað heilagt", sagði Brésnéf síðast þegar hann kom til Frakklands og uppskar auðvitað almennan hlátur. Innrásin í Tékkóslóvakíu gerði hann nefnilega að kónginum í Nýju fötin keisarans og röddin sem hrópar: "Hann er nakið auðvald!", verður æ háværari.

Það er Vorið fræga í Prag sem er í hlutverki barnsins.

Kveðjur

Baráttufundi 21. ágúst-hreyfingarinnar bárust nokkrar kveðjur, sem lesnar voru upp á fundinum. Kveðjur þessar voru frá stjórn félags járniðnaðarnema, Kommúnistaflokki Íslands/ML, Baráttusinnum í Uppsölum og Einingarsamtökum kommúnista (marx-lenínistum).

NN Í TATSING

samtali, en það mun birtast í heild í Rauðliðanum.

Félagarnir Yu Dai-Hai og Hó Da-Hsen, eru báðir rótgrónir í Tatsíng og hefur t.d. Hó verið í Tatsíng í 16 ár. Hó segir okkur að þegar í upphafi vinnslunnar í Tatsíng hafi verkamenn haft hinar tvær greinar Maó Tsetungs formans - Um starfið, og Um móthverfurnar - að leiðarljósi til að fá styrk og aukinn skilning á viðfangsefninu.

VBL: Hvernig voru aðstæður hér í upphafi?

Félagi Hó: Í upphafi voru skilyrði hér mjög slæm. Svæðið hér var nánast eyðimörk og það vantaði öll tæki og vélar. Verkalýðurinn strengdi þess heit að komast yfir erfiðleikana og byggja upp. Við þurftum að berjast gegn öllu - himninum, jörðinni og stéttaróvininum. Þetta þurftum við að gera til að gera föðurlandið sjálft sér nægt með olíu og við sýndum að við gátum þetta og nú er Kína sjálft sér nægt með olíu og er farið að flytja talsvert magn út til fátækra þjóða.

Félagi Yú: Mér finnst að eftir 18 ára framleiðsluherferð þá opni Tatsíng nýja iðnaðarleið í Kína. Maó formaður ráðlagði okkur að taka frumkvæðið í eigin hendur og treysta á eigið afl og þetta höfum við gert og sigrað bæði náttúrulega andstæðinga, eins og náttúruhamfarir og endurskoðunarsinna sem ætluðu að beygja okkur undir vald sitt. Eftir 3 ára baráttu var uppbyggingin komin í örugga höfn og við sáum að Tatsíng var orðið stórt iðnaðarsvæði sem þjónaði allri kínversku þjóðinni.

VBL: Tatsíng er í Heilungkíang-héraði, sem er nyrsta héraðið í Kína með löng landamæri að Sovétríkjunum. Eru þið hér í Tatsíng þátttakendur í vörnum landsins.

Félagi Ho: Já það erum við. Bæði verkamenn og fjölskyldur eru skipulagðar eftir þeim reglum sem gilda í Frelsisher alþýðunnar (Rauða hernum) og allir íbúarnir viðbúnir að mæta innrás t.d. frá sósíalheimsvaldasinnum. Við verðum líka að undirbúa okkur á hugmyndafræðilegu sviði og við verðum að undirbúa okkur efnalega og hvað okkur snertir í því efni, þá þýðir það að við verðum að framleiða meiri og betri olíu - það er góð vörn.

Félagi Yú: Í upphafi uppbyggingarinnar hér komu margir verkamenn beint úr Frelsishernum. Frá upphafi höfum við því skipulagt okkur eins og við værum í hernum, þ.e. að vinnuhópar eru líka lið og framleiðsludeildir eru herdeildir. Maó formaður sagði að heimsvaldastefnan þýddi stríð og á meðan heimsvaldastefnan er við líði er alltaf hætta á stríði og nauðsynlegt að vera viðbúinn. Við höfum heræfingar einu sinni í viku. Við erum hvort tveggja í senn hermenn og verkamenn og hvenær sem er getur sósíalheimsvaldastefnan ráðist á landið okkar. Við munum taka á móti henni og beita aðferðum alþýðustríðs-

VBL: Er þetta eingöngu olía sem framleidd er hér?

Félagi Yú: Nei, við erum að skapa hér nýja tegund iðnaðarsvæðis. Við tengjum saman verkalýðinn og bændurna, bæinn og sveitina. Áður var þetta þannig að verkalýðurinn vann aðeins við iðnframleiðsluna og bændur við búskap. Hér tengist þetta allt saman í hverri fjölskyldu, þar eru bæði félagar sem vinna í iðnaði og í búskap. Fjölskyldurnar eru því samsettar úr iðnverkalýð og bændum.

þau væru tilbúin fyrir veturinn. Það voru illa farnar vetrarúlpur sem ekki var gert við. Þær sem ekki var gert við, voru teknar í sundur og allt nýtilegt hirt og notað aftur, svo sem bómullarstoppið, tölur, rennilásar og heilleg stykki úr klæðinu. Gömul og slitin stígvél voru þvegin og gert við þau. Úr gömlum tjalddúk var saumaður hlífðarfatnaður. Úr skinnhúfum, sem litu út eins og ræksni, eftir mikla notkun, var tínt allt nothæft skinn og bæturnar saumaðar saman í skinnvesti. Við leituðum að ruslahaugnum og fundum hann reyndar, en hann var ekki mikill fyrirferðar. Í öðru verkstæði var verið að gera við alls konar mæla, svo sem klukkur, vatns - og olíurennslismæla, hitamæla o.s.frv. Þar var engu kastað nema alls engin not væru í. Því sem kastað var af málmum er sent til endurbræðslu og notað þannig á ný. Mælar sem ekki var hægt að gera við eru teknir í sundur og allir nothæfir hlutir nýttir til að gera við aðra mæla. Í enn einu verkstæði var verið að gera við ljósaperur. Við trúðum varla eigin augum, en við urðum að trúa þeim. Verkafólkið sagði okkur að helmingi ódýrara væri að gera við en kaupa nýtt. Allar viðgerðar perur eru prófaðar áður en þær fara aftur í notkun í híbýlum eða verksmiðjum. Eftir viðgerð kemur svolítil tota á belg perunnar, þar sem gatið sem notað er við að setja nýjan glóðarþráð var sett. Okkur var sagt að bandarískir sérfræðingar hefðu verið á ferð í Tatsíng og séð þessar totur á perum í einni verksmiðjanna og rætt mikið sín á milli um tilgang þeirra. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að toturnar væru sjálfsagt einhver snjöll nýjung og þjónuðu miklum tilgangi, því að aldrei gerðu Kínverjar neitt sem ekki þjónaði tilgangi. Þetta hlyti að vera eitthvað vísindalegt afrek. Þeir komust að hinu sanna þegar þeir svo skoðuðu viðgerðarverkstæðið og sáu hvernig toturnar urðu til.

Einar Bragi skáld og rithöfundur kom fram á baráttufundinum í Lindarbæ og las þar m.a. upp tékkneskt ljóð frá árinu 1968. í eigin þýðingu. Ljóð þetta birtist í ljóðabók hans, HRAFNAR Í SKÝJUM, sem út kom árið 1970 og hefur að geyma þýdd ljóð.

Ráð handa þjónum

Hafið þið afsakað glæpi og fagnað svikum ?
Gleymið því
Þögðuð þið, þegar jafnvel grasið hljóðaði ?
Gleymið því
Skrifuðuð þið, þegar jafnvel blekið roðnaði ?
Gleymið því
Trúðuð þið, þegar nóttin trúði ekki sínum eigin augum ?
Gleymið því
Voruð þið alltaf í nánd við kjötkatlana ?
Gleymið því
Urðu flísar ykkur að bana, þegar skógurinn var kvistaður ?
Gleymið því
Voruð þið á kvennasnöpum, þegar jafnvel hórur herptu saman skaut sitt ?
Gleymið því
Voruð þið til reiðu, þegar jafnvel skækjurnar fóru í felur ?
Gleymið því
Klifuð þið metorðastigann ? Otuðuð ykkur ? Smjöðruðuð ?
Gleymið því
Þáguð þið heiðurstákn, þegar jafnvel steinarnir gubbuðu ?
Gleymið því
Dæmduð þið, þegar jafnvel snaran skammaðist sín fyrir gálgann ?
Gleymið því
Gjömmuðuð þið, þegar jafnvel armasti rakkin hélt sér saman ?
Gleymið því
Kjöftuðuð þið frá, þegar jafnvel klögubósunum fannst það fyrirlitlegt ?
Gleymið því
Eruð þið blóðugir um hendurnar ?
Gleymið því
Skriðuð þið og luguð, hrifsuðuð og hámuðuð í ykkur ?
Gleymið því
Heyrið þið ekki það sem jafnvel þrestirnir klifuðu á ?
Gleymið því
Neydduð þið jafnvel börn til að hvísla ?
Gleymið því
Tröðkuðuð þið á hlekkjunum ?
Gleymið því
Hræktuð þið á fallna ?
Gleymið því
Drukkuð þið ykkur sæla í svita annarra og tárum ?
Gleymið því
Gleymið öllu, öllu hljóðfæraleikarar nætur innar
Gleymið því

Jiri Kolar



Margir þeirra sem undirrituðu Charta 77 hafa orðið að flýja land og gerast flóttamenn víða um heim til að forða sér undan ofsóknum tékkneskra yfirvalda. Einn þessara manna er Jiri Pallas, sem nú er búsettur í Svíþjóð. Tíðindamaður Verkalýðsblaðsins brá sér á hans fund og tók við hann viðtal um ástandið í Tékkóslóvakíu nú - 10 árum eftir innrás Sovétmanna - og um reynslu sína.

Hér birtist seinni hluti viðtalsins. Fyrri hluti birtist í 15. tbl.

Viðtal við tékkneskan flóttamann Jiri Pallas

„Kerfið leyfir engar andstæðar skoðanir“

SP.: Eru einhverjar hömlur á venjulegu vinnandi fólki hvað varðar rétt til húsnæðis, atvinnu og menntunar?

Svar: Þjóðfélagið er mjög greinilega stéttskipt. Í fyrsta lagi skiptir máli fyrir möguleika þína hvort þú ert í flokknum eða ekki. Skilyrði til að fá góða stöðu er að þú sért í flokknum. Annað sem spurt hefur verið um eftir '68 er hvort foreldrar þínir eða nánustu ættingjar hafi verið reknir úr flokknum. Sé svo er hæpið að þú komist í miðskóla eða verknámsskóla og háskólastig er útilokað. Húsnæði er mjög erfitt að fá og ekki þýðir að sækja um vegabréf. Um þessar mundir eru stuðningsmenn Charta verst settir. Þeir hafa verið reknir úr störfum sínum og jafnvel auðvirðulegustu embætti eru of góð fyrir þá: Kúahirðir nokkur var rekinn fyrir að hafa skrifað undir og verður varla neðar komist. Framferði lögreglunnar gagnvart stuðningsmönnum Charta er því ruddalegri sem fjær dregur stærstu þéttbýlissvæðunum. Í Prag gerir fjöldi erlendra sendiráða svo og stöðugur ferðamannastraumur það að verkum að lögreglan veigrar sér við að berja fólk á götum úti, sem hún frekar leyfir sér á Mæri (Moravia) og til sveita. Reyndar voru nýlega 2 stuðningsmenn Charta teknir upp í bíl af óeinkennisklæddum lögreglumönnum, þeim misþyrmt og síðan fleygt út á fáförnum sveitavegi. Þvílíkar aðfarir kenna fólki að staða þess í metorðastiganum er ekki mælikvarði á hæfni heldur auðsveipni.

SP:. Hvernig er aðstaða þeirra sem vilja dreifa upplýsingum eða áróðri óháðum stjórnvöldum?

Svar: Í Tékkó er bannað að eiga prentvél, jafnvel fjölritarar fást ekki keyptir. Þar sem ríkiseinokun er á upplýsingadreifingu er öll prentun undir ströngu eftirliti ríkisins og allt prentað eða fjölritað efni verður að fara í gegnum nálarauga ritskoðunarinnar. Charta og aðrir ritlingar eru vélritaðir og ganga manna á milli í uppskriftum. Menn eru dæmdir í allt frá 1 árs og upp til 3ja ára fangelsi finnast slík afrit í fórum þeirra, jafnvel þótt það sé ekki samkvæmt tékkneskum lögum. En lögin eru toguð og teygð á alla kanta líkt og þegar ég var rekinn. Óheyrilega mikið er til af ýmiskonar neðanjarðarbókmenntum, jafnvel tímarit eru gefin út á þennan hátt. Einnig hafa sumir aðgang að ritum sem gefin eru út á tékknesku erlendis.

Sp:. Hvers eðlis eru þeir hópar sem standa að dreifingu áróðurs gegn kerfinu?

Svar: Í Charta er samankomið fólk með allar hugsanlegar skoðanir, gamlir kommar, sósíalistar, trúaðir og hægri sinnar. Stóran hóp þessa fólks má kalla einu nafni "andkommúnista" þ.e. ungt fólk sem hefur það eitt sameiginlegt að vera í andstöðu við tékkóslóenskan kommúnisma án þess þó að þekkja neitt annað. Oft er þetta þó fólk með sósíalískar hugmyndir, en hefur enga möguleika haft á að mynda sér skoðanir á því hvað það vill, því allar opinskáar stjórnmálaumræður eru bannaðar. Byltingarsinnar eru fáir. Helst eru það nokkrir kunningja andófsmannsins Péturs Uhl sem haldið hafa uppi gagnrýni á kerfið frá vinstri. Hann er af valdhöfum stimplaður "vondur trotskíisti" og hefur síðan '68 setið 4 ár í fangelsi fyrir skoðanir sínar. Frá í desember '77 gengur hann atvinnulaus. Margir af andstæðingum kerfisins eru í tengslum við "underground" (neðanjarðar) tónlistamenn, þekktastir úr rokkhljómsveitinni Plastic People (1976 voru 18 tónlistarmenn úr þessum hópi fangelsaðir). Þetta fólk er allt afar neikvætt gagnvart hinum tékkóslóvenska kommúnisma.

SP:. Hvað viltu segja um hernám Rússa?

Svar: Rússarnir hafa nú verið 10 ár í landinu. Þeir hafa verið fluttir á minna áberandi staði og sjást sjaldan í stærri bæjum, en eru þó alls staðar nálægir (stórar herbúðir eru u.þ.b. 50 km frá Prag). Á sveitavegum má víða sjá rússneska hergögn og návist þeirra er niðurlægjandi og hefur mjög þrúgandi áhrif á þjóðlífið. Óbreyttum hermönnum er reyndar haldið innan herbúða og fá ekki að fara út nema í hópum.

SP.: Hvað er hægt að gera á Íslandi til stuðnings baráttu ykkar fyrir mannréttindum?

Svar: Margir möguleikar eru fyrir hendi. Mótmælafundir og almenn mótmælabréf hafa hingað til verið mest áberandi, en ríkisstjórnum A-Evrópu er líkt farið og öðrum gerræðislegum stjórnvöldum í heiminum, að þær kippa sér einna minnst upp við slíkar aðgerðir. Miklu vænna til áhrifa er beinn áþreifanlegur stuðningur líkt og þegar starfsmenn Renault verksmiðjanna í Frakklandi tóku upp mál Péturs Uhl. Áhrifaríkast er að verkamenn, iðnaðarmenn eða menntamenn taki upp mál starfsbræðra sinna í Tékkóslóvakíu, einbeiti sér að 1 eða 2 mönnum, skrifi bréf þeim til stuðnings, kynni í heimalandi sínu meðferðina á þeim og sendi fjárframlög. Ístuttu máli að beita svipuðum aðferðum og Amnesty International. Mikilvægast er að starfsbræður sýni félögum sínum áhuga og beiti stéttarfélögunum fyrir sig, þannig að blaðamenn taki upp mál blaðamanns, rithöfundar upp mál eins rithöfundar o.s.frv.

SP.: Heldurðu að ástandið vænkist á næstu árum fyrir þá sem berjast fyrir mannréttindum í Tékkóslóvakíu?

Svar: Grundvallaratriði er auðvitað að almenningur láti ekki bjóða sér hvað sem er og taki upp skipulega baráttu gegn misréttinu og valdníðslunni. Verði breytingar í Moskvu hefðu þær vafalaust víðtæk áhrif í allri Austur-Evrópu. Við verðum þó að hafa hugfast að barátta okkar sjálfra ríður baggamuninn og víðtækur stuðningur erlendis frá gefur okkur og félögum okkar í Tékkóslóvakíu aukinn styrk.

Lönd vilja sjálfstæði · þjóðir vilja frelsi · alþýðan vill byltingu

Ferð Hua formanns til Evrópu

Styrkir samstöðu Kína og Evrópulanda

Nú hefur Hua Kuo-feng formaður miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína og forsætisráðherra Alþýðulýðveldisins Kína lokið ferð sinni til tveggja Evrópulanda, Rúmeníu og Júgóslavíu. Þessi ferð Hua formanns verður að skoðast sem mikill sigur fyrir öll þau öfl sem berjast gegn heimsvaldastefnu og stríðsógnun risaveldanna, þar sem hún er liður í að styrkja samband og samstöðu Kína og Evrópulanda.

Bæði Rúmeníu og Júgóslavíu stafar mikil ógnun af sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna, og þau hafa sýnt æ eindregnari andstöðu gegn pólitík stórveldisins.

Rúmenía er bæði meðlimur í Varsjárbandalaginu og Comecon. Þrátt fyrir það neitaði landið að taka þátt í innrásinni inn í Tékkóslóvakíu árið 1968 og fordæmdi innrásina harðlega. Innan Comecon hefur Rúmenía sett sig gegn "alþjóðlegu vinnuhagræðingunni", sem Sovétríkin hafa komið á meðal Comecon landanna, en þetta þýðir að Sovétríkin ákveða hvað hagkvæmast er fyrir Sovétríkin að einstök aðildarlönd framleiði. Þegar Krustsjof, fyrrverandi leiðtogi Sovétríkjanna, ætlaði að gera Rúmeníu að "kornforðabúri Austur-Evrópu", snérist Rúmenía gegn þessu, og hóf að byggja upp þungaiðnað, sem þjónar efnahagsuppbyggingu Rúmeníu sjálfrar. Rúmenía hefur einnig tekið upp sjálfstæðari

Huo Kuo-feng og Ceausescu, forseti Rúmeníu, er kínverski forsætisráðherran heimsótti Rúmeníu.

stefnu í utanríkismálum, og aukið viðskipti sín við lönd þriðja heimsins og vestræn ríki, og þar með minnkað þann stóra þátt sem Sovétríkin áttu í utanríkisviðskiptum landsins.

Júgóslavía sýndi einnig mikla andstöðu við innrásina í Tékkóslóvakíu 1968. Sovétríkin reyna ákaft að ná ítökum í landinu og beita í því augnarmiði klofningspólitík sem spilar inn á þjóðlegu spurningunum í Júgóslavíu. Á fundi utanríkisráðherra óháðra ríkja, sem haldinn var í Belgrad fyrr í sumar, tók Júgóslavía eindregna afstöðu gegn stríðsrekstri Sovétríkjanna og Kúbu í Afríku. Á efnahagssviðinu reynir Júgóslavía að treysta á eigin krafta, og standa óháð öllum heimsvaldablokkum.

Heimsókn Hua Kuo-fengs til Evrópu er sönnun þess að lönd þjappa sér æ betur saman gegn tilraunum risaveldanna tveggja til yfirráða. Kína styður þessa tilhneigingu, sem styrkir byltingarbaráttu alþýðu og þjóða heimsins gegn sameiginlegum fjandmönnum sínum, heimsvaldastefnu Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

Verðhækkanir í Póllandi

Pólska ríkisstjórnin reynir nú að lauma inn verðhækkunum á kjötvörur, en það var einmitt vegna verðhækkana á matvöru sem alþýðan gerði uppreisn fyrir tveim árum og síðan hefur stjórninni ekki tekist að hækka verðið. 1. júní hækkuðu yfirvöld grundvallarverðið (alm. leyft verð) um 20 - 45 prósent. Auk þessa eru gæði kjötvöru léleg á innalandsmarkaði þar sem besta kjötið fer til útflutnings og í sérverslanir flokksforkólfa. Kjötbiðraðir eru hluti hverdagsins í Póllandi og aðeins fámennur hópur útvalda fær gott kjöt á lágu verði og ótakmarkað magn. Í Póllandi er mikil verðbólga og skuldir landsins við útlönd eru miklar.

Skyldi ekki Lúðvík geta sent vinum sínum þar eystra undrameðalið við þessum vandamálum, eða var hann kanski í skólanum þar? Við sjáum til.

Kúbuhermenn hjálpa Idi Amin

Forseti Úganda Idi Amín hefur beðið Kúbu að senda sér hermenn til að aðstoða við að koma röð og reglu á í Úganda. Þetta segir Colin Legum, blaðamaður breska blaðsins Observer. C.Lenum er þekktur fyrir að hafa góð sambönd í Afríku og öruggar heimildir. 120 kúbanskir hermenn lentu á Entebbe flugvelli 15. eða 16. júlí og komu frá S-Jemen - þar sem Sovétríkin nýlega stóðu að baki valdaráni. Hermennirnir eru nú í herbúðum um 30 km. norður af Kampala höfuðborg Úganda. Amín á í erfiðleikum með bæði ráðherra og hershöfðingja.

Ósamkomulag hefur verið milli Amín og Mustafa Adrisi fyrrum varaforseta og varnarmálaráðherra frá því í apríl og Moses Ali fjármálaráðherra hefur verið rekinn úr stóli. Nú eiga kúbanskir hermenn að hjálpa Amín við að hreinsa til og koma fyrir kattarnef öllum "óæskilegum tilfellum". Þetta virðist benda til þess að andstaðan gegn Amín sé að vaxa og sé meiri en hún hefur nokkrusinni verið. Þetta sýnir okkur líka ennþá einu sinni hvers eðlis sjálfskipað "framsækið" hlutverk Kúbu er í Afríku.

(Klassekampen)

Kveðja til KAP í Danmörku

Í tilefni 10 ára afmælis marx-lenínísku hreyfingarinnar í Danmörku sendi EIK(m-l) bróðurflokki sínum Kommúníska Verkamannaflokknum í Danmörku eftirfarandi kveðju.

"Kæru félagar! Í tilefni þess að 10 ár eru liðin frá stofnun Kommúnistasamtakanna (marx-lenínista) KFML) sendum við ykkur samstöðu og baráttukveðjur.

Með flokksbyggingarstarfi KFML hefst nýtt tímabil í sögu danskrar verkalýðshreyfingar. Í gegn um harða baráttu gegn allskonar endurskoðunarstefnu og endurbótastefnu var raunverulegur marx-leníniskur verkalýðsflokkur byggður upp undir forystu KFML á grundvelli marx-lenínismans/kenningum Mao Tsetungs. Þess vegna á danska verkalýðsstéttin og bandamenn hennar núna byltingarflokk þar sem Kommúnistaflokkur verkamanna er, og flokkurinn hefur hlotið það verkefni að leiða byltingarhreyfinguna að sögulegu markmiði verkalýðsstéttarinnar: Að kollsteypa auðvaldsskipulaginu í Danmörku og byggja upp sósíalismann og tryggja sjálfstæði undirokuðu þjóðanna í Færeyjum og Kaladlit Nunat (Grænlandi). Einingarsamtök kommúnista(marx-lenínistar) - EIK(m-l) - á Íslandi hafa ríka samstöðu og vináttutilfinningu með dönsku verkalýðsstéttinni, framsæknu hreyfingunni í Danmörku og sérlega bræðraflokki okkar - KAP. Í flokksbyggingarstarfi okkar höfum við lært af starfi KFML/KAP og við metum mikils hin ágætlega þróuðu sambönd sem eru okkar í millum. Við höfum tekið og tökum afstöðu gegn þeim mörgu klofningssamtökum í Damnörku, sem vinna gegn marx-lenínismanum/kenningum Mao Tsetungs og KAP. Við berum mikið traust til dönsku félaganna okkar og óskum ykkur mikilla ávinninga í baráttunni.

Ástandið í heiminum er ákjósanlegt fyrir byltingarsinnuðu hreyfingu samtímis verður stríðshættan stöðugt alvarlegri. Kommúnistarnir í löndum okkar báðum og alþýða landanna beggja verður að standa saman gegn risaveldunum, gegn allri heimsvaldasinnaðri ásækni og þrýstingi og við verðum að undirbúa okkur undir langvinnt alþýðustríð ef lönd okkar verða hernumin í nýrri heimsstyrjöld. En ekkert getur komið í veg fyrir sigur sósíalismans og kommúnismans.

Lifi marx-lenínismin/kenningar Mao Tsetungs!
Lengi lifi KAP!
Lifi einingin milli KAP og EIK(m-l) og alþýðu landa okkar
f.h. Miðstjórnar EIK(m-l)
Ari T. Guðmundsson

Í fangelsi fyrir að kenna ritverk Maós

Danska blaðið Arbejderavisen, sem gefið er út af Kommúníska Verkamannaflokknum í Danmörku (KAP), var á ferð í Kína nýlega og náði blaðið tali af kínverskum flóttamönnum frá Víetnam. Þetta er í fyrsta sinn sem erlent blað birtir viðtal við flóttafólk frá Víetnam. Þeir sem Arbejderavisen talaði við heita Wang, Chiang, Li og Min og voru allir kennarar í Vietnam. Við birtum hluta viðtalsins.

- Hversvegna flúðir þú frá Víetnam?

Wang: Ég kenndi í skóla ætluðum Kínverjum í Víetnam. Árið 1967 voru þeir kennarar sem kenndu ritverk Maós reknir og ég var að auki settur í tíu daga fangelsi fyrir að hafa gert þetta. Við höfum búið og unnið í Víetnam í mörg ár og vildum alls ekki skemma víetnamska samfélagið. En við vildum að nemendur okkar fengju betri þekkingu á Kína og líka til þess að auka meðvitund þeirra. Á meðan á stríðinu gegn bandarísku innrásarseggjunum stóð börðumst við hlið við hlið með Víetnömum til að frelsa landið.

Min: Árið 1976 var kínverska skólanum í Haiphong lokað. Ég var flutt til víetnamsks skóla og átti að kenna á víetnömsku. Ég varð bæði reið og vonsvikin yfir því að kínversk börn fengju ekki lengur leyfi til að læra sitt eigið móðurmál. En þar sem ég þurfti að sjá um fjölskyldu mína þá gat ég ekkert gert. Ég og maðurinn minn eigum fimm börn. Það var líka beitt hörðu til þess að börn okkar tækju víetnamskan ríkisborgararétt og víetnömsk yfirvöld neyddu mig til að gera þriðja barnið að víetnömskum ríkisborgara. Annars hefðum við ekki fengið hrísgrjónaskammt fyrir það. Eftir þetta urðum við sammála um að fara aftur til Kína strax og Kína gæti tekið við okkur.

Li(eiginmaður Min): Ég var félagi í víetnamska kommúnistaflokknum frá því 1964. Það kom samt ekki í veg fyrir að ég væri ofsóttur. Ég var oft spurður um það hve oft ég heimsækti kínverska sendiráðið og hve mörg eintök ég fengi af Dagblaði Alþýðunnar. Í skólann þar sem ég vann fékk ég oft heimsókn af öryggisliðsforingja. Í mars á þessu ári var ég heimsóttur aftur. Nú vildu þeir að ég setti upp nafnalista yfir nemdndurna þar sem þeim væri skift í "vinstri", "hægri" og miðhóp. Þegar ég neitaði að gera þetta var ég settur á svarta listann. Ég var svo ásakaður um að hafa leynileg sambönd við kínverska sendiráðið og fékk skipun um að yfirgefa Víetnam.

- Hversvegna ofsækir víetnamska stjórnin Kínverja í Víetnam?

Chiang: Eftir að félagi Hó Chi Minh lést árið 1969 urðu ofsóknirnar meira áberandi. Andkínversku og sovéthlynntu öflin í flokknum og ríkisstjórninni styrktu stöðu sína. Menn eins og Le Duan fyrsti ritari í flokknum og Nguyen Giap varnarmálaráðherra vildu taka upp nánari sambönd við Sovétríkin. Félagar sem voru frekar vinsamlegir í garð Kína voru fjarlægðir úr stöðum sínum. Í S-Víetnam hefur Kína-vinsamlegt fólk líka verið fjarlægt og í staðinn settir inn flokksleiðtogar frá norðri. Nýju leiðtogarnir ala upp æskuna í að líta upp til Sovétríkjanna og vera andstæðingar Kína.

Víetnam og Kína reka nú gjörandstæða pólitíska stefnu. Víetnamar vilja reka Kínverjana burt vegna þess að þeir eru andstæðingar endurskoðunarstefnunnar.

(Arbejderavisen nr.29,9-15.ágúst 1978)

Kínverskt flóttafólk, sem hrakið hefur verið frá heimulum sínum í Víetnam, og komst til Kína við illan leik.

Sameiginlegri ályktun AKP(m-l) og EIK(m-l) fagnað víða um heim

Sameiginleg ályktun Einingarsamtaka kommúnista (m-l) og Kommúnistaflokks verkamanna (m-l) - AKP(m-l) í Noregi - sem birtist í 13. tbl. Verkalýðsblaðsins, hefur einnig birst í blöðum kommúníska flokka og hreyfinga víða um heim. Nýlega birtist frásögn og úrdráttur úr yfirlýsingunni í Peking Review nr. 31, sem er pólitískt tímarit, gefið út í Kína á 7 tungumálum. Þetta sýnir að kommúnísk og framsækin hreyfing heimsins fagnar ályktuninni og lítur á hana sem beitt vopn í baráttu bræðrahreyfinganna og alþýðu landanna tveggja gegn báðum risaveldunum - Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Stofnum kommúniskan flokk 3.

Fjöldastefna - fjöldastarf

Kommúnistaflokkur aðgreinir sig frá öðrum flokkum í öllum grundvallaratriðum, ekki aðeins með því að vilja afnema auðvaldsþjóðfélagið. Kommúnistaflokkur starfar meðal fjöldans sjálfs í stéttabaráttu hans og hefur það verkefni að safna verkalýðnum og annarri alþýðu til virkrar baráttu, en borgaralegir flokkar segjast berjast fyrir alþýðuna.

Öflug og virk fjöldasamtök og fjöldahreyfing er alþýðunni nauðsyn bæði í daglegri hagsmunabaráttu og baráttu fyrir byltingu og sósíalisma. Slík fjöldasamtök eru m.a. stéttarfélög og aðrar samfylkingar um framgang ákveðinna mála og málaflokka, s.s. í kvennabaráttu, baráttu gegn heimsvaldastefnu o.s.frv.

En fjöldabarátta verður ekki öflug né beitt, nema verkalýður og alþýða eigi sér pólitískt forystuafl, kommúnistaflokk, svo sem dæma má af hnignun íslenskrar verkalýðsbaráttu síðan Kommúnistaflokk Íslands leið 1938.

Það hefur afgerandi þýðingu að kommúnistar kunni til verka í fjöldastarfi, og það er einmitt með dugmiklu starfi á vinnustöðum, í stéttarfélögum og samfylkingum að þeir vinna sér mest traust og náin tengsl við fjöldann.

EIK(m-l) eru ung flokksbyggingarsamtök sem enn hafa pólitískan áróður og útbreyðslu sem höfuðverkefni. En þátttaka í daglegri stéttabaráttu alþýðu er einnig mikilvægur liður í flokksbyggingarstarfinu. Þátttaka EIK(m-l) í slíku fjöldastarfi er þegar allnokkur og fer vaxandi, en þó er það einmitt reynsla og starf á þessu sviði sem samtökin skortir mest til að verða kommúnistaflokkur. Starfsaðferðir okkar í fjöldastarfinu verður að bæta verulega og lykilorðið þar er fjöldastefna. Sú stefna byggist á því, að kommúnistar bera ótakmarkað traust til verkalýðs og alþýðufjöldans, hafa trú á sköpunarmætti hans og eru þess fullvissir að hann muni áður en lýkur rísa upp og kasta af sér oki auðvalds og heimsvaldastefnu. Fjöldastefna kommúnista grundvallast ennfremur á því að þeir lifa lífi alþýðunnar og deila kjörum hennar. Þannig eiga þeir sömu hagsmuni og önnur alþýða. Það greinir þá kyrfilega frá þingræðisflokkunum.

Mao Tsetung hefur þróað aðferð fjöldastefnunnar sem vopn til að safna fjöldanum til baráttu: "(Flokksþingið) ætti að kenna hverjum einstökum félaga að elska alþýðuna og hlusta grannt á rödd fjöldans; að samsama sig með fjöldanum hvar sem hann fer, að fara djúpt inn á meðal hans í stað þess að hefja sig yfir hann; og að ganga út frá núverandi pólitískri þekkingu fjöldans til þess að vekja eða örfa meðvitund hans og hjálpa honum til þess smám saman að skipuleggja sig og heyja alla þá baráttu sem ytri og innri aðstæður gera mögulega." ("Um blandaða ríkisstjórn", 1945).

Kommúnistar þurfa þannig að þekkja hugsanir og reynslu fjöldans og setja fram kjörorð og baráttumál í samræmi við það. Öhlutlægni og "vinstri" vígorðaglamur þar sem ætt er langt á undan pólitískri þróun fjöldans er greiði við afturhaldið. Slíkt einkennir m.a. trotskíista. Þó má kommúnista ekki skorta dirfsku til að hefja baráttu og halda fram málum sem fjöldinn enn ekki er meðvitaður um. Slíkt væri hægri hentistefna sem viðheldur óbreyttu ástandi.

Það er ein lífsregla kommúnistans að vera vinnufélögum sínum og kunningjum hjálplegur og tillitssamur og laus við hroka, þ.e. vera þeim góður félagi. Hann á að ræða um áhugamál fólks sem og vandamál þess, persónuleg og félagsleg. Hann setur hluti í pólitískt samhengi og verður að tala mál sem venjulegt fólk skilur. Kommúnistar verða að kunna að læra af fjöldanum samtímis því sem þeir uppfræða hann.

Flokkur sem býr yfir réttri þjóðfélagsgreiningu og grundvallarstefnu og sömuleiðis réttri fjöldastefnu mun óhjákvæmilega eflast meðal fjöldans. Ekkert getur stöðvað sigra hans.

Miðstjórn EIK(m-l).

ar sovésku þjóðir verða að frelsa sig undan, eigi þær að losa sig við neikvæðustu hliðar stjórnkerfis síns. Allar tilraunir til þess að sýna stalínismann sem hinn rétta kommúnisma, og öll frávik sem stefnu endurskoðunarsinna, eru hlægileg söguföls un.

Harmleikur misnotaður

— Hvað finnst þér um þann stuðning sem andófið í Prag fær frá maóistum og hægri mönnum?

— Harmleikurinn í Prag er miskunnarlaust notaður af báðum þessum aðilum. Hægri menn nota hann í baráttu sinni gegn sósíalismanum, og ýmsir vinstri hópar nota hann til stuðnings hugmyndafræði sinni, sem vitaskuld á ekkert skylt við raunveruleikann. Hinir svonefndu maóistar nota hann í baráttu sinni gegn heimsvaldastefnu Sovétríkjanna, sem þeir nefna svo, en sú barátta á ekkert skylt við hina alvarlegu gagnrýni á drottnunarvaldi Sovétríkjanna og hinar neikvæðu hliðar Sovét-kommúnismans.

Ber er hver að baki nema ...

Nokkurn lærdóm er unnt að draga af aðgerðunum 21. ágúst sl. gegn hernámi Sovétríkjanna í Tékkóslóvakíu.

ANDKOMMÚNISMI

Á fundi "Lýðræðissinnaðrar æsku" - sem var að frumkvæði Sjálfstæðismanna - var hátt hrópað um "heimsvaldastefnu kommúnismans". Röksemdafærslan þar var ákaflega einföld: Sovétríkin telja sig sjálf sósíalísk - af því leiðir að þau eru það. Sovétríkin brjóta gegn sjálfsákvörðunarrétti þjóða - af því leiðir að þau eru heimsvaldasinnuð - en af því leiðir svo, að kommúnisminn er versti óvinur mannkyns.

En raunveruleikinn er miskunnarlaus. Æ fleiri kynnast veruleika sósíalismans og kommúnismans, - af bókum, af starfi samtaka eins og EIK(m-l) og af gangi mála í Kína. Æ fleiri sjá að þjóðfélagið í Sovétríkjunum er gegnsýrt af fasisma og ríkiskapitalisma - að Sovétríkin eiga ekki meira skylt við alþýðuvöld en Bandaríkin. En íhaldið vill alls ekki vera rúið kommúnistagrýlunni eða viðurkenna hvernig arðrán og kúgun auðsins leikur þjóðirnar. Bakhjarl þess er nefnilega bandarískа heimsvaldastefnan. Hennar blóðslóð verður að hylja, þó svo hún hafi minnkað undanfarin ár í takt við framrás Kremlarauðvaldsins. "Frelsishetjur" á borð við Jón Magnússon, Heimdelling, Jón Sigurðsson Tímamann og Finn Torfa úr Alþýðuflokknum héldu engar ræður um Bandaríkin í Víetnam eða Chile. Í andkommúnisma sínum ganga þeir svo langt að styðja beinlínis annað risaveldið - Bandaríkin, en aðstoða hitt við að halda uppi grímu "sósílismans", eftir tækifærum.

INNANTÓM ORÐ

Alþýðubandalagið tekur í orði afstöðu með Tékkum og Slóvökum. Forystan talar um "vorið í Prag" - þegar loks átti að byggja sósíalismann, um yfirgang Sovétríkjanna og harmleik sem "maóistar" noti til illra verka.

Hér er veruleikinn jafn miskunnarlaus og þeim "lýðræðissinnuðu". Enginn forystumanna AB kom í mótmælaaðgerðir 21. ágúst - ekki einu sinni framámennirnir í Samtökum herstöðvaandstæðinga (utan tveir ræðumenn). Þjóðviljinn tekur enga afstöðu þjóðarmorðs Sovétmanna í Afríku, segir árásarvígbúnað Varsjárbandalagsins stórlega ýktan (Þvj. 15. júlí) og leiðir hjá sér að draga ályktanir um þjóðfélagsgerð Sovétríkjanna í ljósi hernáms Tékkóslóvakíu. Í augum AB-forystunnar eru Sovétríkin jafn sósíalísk og í augum "lýðræðissinnanna" og Morgunblaðsmanna - bara gölluð. Greinar og leiðarar Þjóðviljans eru lítils virði í baráttunni gegn risaveldunum, enda hefur flokkurinn neyðst út í andstöðu við hernám Tékkóslóvakíu og mannréttindabrotin í Sovétríkjunum. Það sýnir einmitt umfjöllun AB um þessi tvö mál ein sér og einangruð.

TÖFRAORÐIÐ

Bæði Sjálfstæðismenn og AB-foringjarnir neyðast til að viðurkenna mikilleik Sovétríkjanna 1918 fram til ca. 1950 - meðan þau voru sósíalísk. Þeir lenda í bobba með að útskýra framverði Kremlarkeisara eftir það meðan þeir ríghalda í lífslygi sína um sósíalismann þar nú. Töframeðalið sem þeir hafa til reiðu er: "Stalínisminn". Þjóðviljinn vitnar meira að segja í Zdenek Hejzlar samstarfsmann Dubceks. Hann segir volæðið í Tékkóslóvakíu hafa hafist með Stalín, að Krúsjeff hafi horfið frá "stalínismanum" og að hernámið hafi verið framhald "stalínismans" undir forystu Brésneffs - eins og þeir Morgunblaðsritstjórar. Ekki skal Hejzlar lastaður sem baráttumaður fyrir borgaralegu lýðræði eins og hér ríkir, en kommúnisti er hann ekki. Staðreyndir eru nefnilega óþægar honum og borgaralegu stjórnmálamönnunum í AB og Sjálfstæðisflokknum. "Vorið í Prag" - uppbygging sósíalismans í Tékkóslóvakíu - hófst á árunum 1947 - 49. Þá hófst glæsilegasta tímabil í sögu landsins með fjöldahreyfingu milljóna manna. Sovétmenn og Stalín studdu þá uppbyggingu það var ekki fyrr en eftir lát Stalíns (1952) og gagnbyltingu Krúsjeffs (1956) að volæðið hófst - endurreisn kapítalisma í Tékkóslóvakíu. Krúsjeffstíminn hófst upp úr 1952 með kúgunaraðgerðum og hreinsunum kommúnista úr þjóðlífinu. Þegar hinir nýju keisarar höfðu gert Tékkóslóvakíu að leppríki losuðu þeir eilítið um klær sínar þar. Þá steyptu Brésneff og hans menn Krúsjeff og liði hans af stóli og fjórum árum síðar kipptu þeir öllu í gamla horfið aftur. Af hverju skýrir Hejzler ekki frá þessu? Vegna þess að hann er borgaralegur embættismaður runnin upp úr endurreisn kapítalismans í Tékkóslóvakíu og stuðningsmaður Krúsjeffs.

AÐ NOTA HARMLEIK

EIK(m-l) fagna allri andstöðu við hernámið í Tékkóslóvakíu. Samtökin styðja baráttu Hejslars og borgaralegra, jafnt sem kommúníska, andófsmanna í Tékkóslóvakíu. En við vísum kröftuglega ásökunum Hejzlars og AB-manna um "misnotkun á harmleik" til föðurhúsanna. Marx-lenínistar eru forystuafl í baráttunni gegn heimsvaldastefnu beggja risaveldanna og hafa hvarvetna staðið í broddi fylkingar fyrir öflugustu stuðningsaðgerðum við alþýðu Tékkóslóvakíu eins og sjá mátti hér 21. ágúst sl.

Þeir sem nota atburðina í Tékkóslóvakíu til vondra verka eru þeir sem halda því fram að Sovétríkin séu ekki heimsvaldasinnuð og að Dubcek og menn hans hafi staðið fyrir sósíalískri þróun en ekki afturhvarfi til borgaralegs og lýðræðislegs auðvaldsskipulags í Tékkóslóvakíu.

*

„KFI/ML" ræðst gegn framsæknu starfi á Íslandi"

Reykjavík, 23.8. 1978

Kæru félagar í ritstjórn verkalýðsblaðsins. Ég er einn þeirra sem hafa tekið þátt í framsæknum samfylkingum undanfarið ár. Þar á ég við samfylkingar í kringum 1. des., 8. mars. og 1. maí, svo ekki sé minnst á 21. ágúst sl., en í öllum þessum tilfellum hafa fundir framsæknu samfylkinganna safnað meira fólki en aðgerðir sem leiddar eru af endurskoðunarsinnum og trotskistum. Ég var að ræða þessi mál við einn af sölumönnum Stéttabaráttunnar fyrir nokkru, og það sem hann sagði kom mér til að skrifa ykkur. Hann sagði nefnilega að "þessar samfylkingar væru bara nafnbreytingar á EIK(m-l)", og þess vegna tæki "KFI/ML" ekki þátt í þeim. En lítum aðeins nánar á þessi "rök". Það er nú einu sinni svo, að það er hlutverk kommúnista að vekja upp og leiða framsækna baráttu - það hefur EIK(m-l) gert, og að mínu mati með sóma. Það er ekkert leyndarmál að það eru kommúnistarnir sem eiga frumkvæðið að þessum framsæknu samfylkingum, en þær safna mikið stærri hóp framsækins fólks til baráttu en bara kommúnistum. En hvað gerir svokallaður "Kommúnistaflokkuur Íslands ml"? Jú, ýmist gerir hann ekki neitt, eða hleypur í hræðslubandalag endurskoðunnarsinna og ræðst gegn framsæknum samfylkingum. 1. des. réðst "flokkurinn" á aðgerðir 1. des-nefndarinnar, 8. mars hékk "flokkurinn" í pilsi rauðsokka, 1. maí gekk "flokkurinn" undir fánum 4. alþjóðasambands trotskista, og nú 21. ágúst lýsti "flokkurinn" einungis yfir stuðningi við Samtök herstöðvaandstæðinga (þ.e. í "vikublaðinu"sínu). En bæði 8. mars og 21. ágúst kórónaði "flokkurinn" skömmina með því að senda kveðjur til funda samfylkinganna, án þess að hafa tekið þátt í starfi þeirra eða hvatt aðra til þess. Þvert á móti hefur "KFI/ML" lagst gegn framsæknu starfi, en ætlar síðan að slá sér upp í augum fólks með því að senda kveðjur! Hvílík hræsni! Hvílík botnlaus hentistefna! Það sem "KFI/ML" reynir svo mjög að fela er, að "flokkurinn" er að deyja, og hann er öldungis ófær um að veita nokkra leiðsögn eða vekja upp nokkra baráttu. Fyrir "flokk" í þessu ástandi er svo þægilegt að fela sig í röðum hinna endurskoðunnarsinnanna, og æpa svo í kór með þeim: "Þessar samfylkingar eru bara nafnbreyting á EIK(m-l)!" Ég vil benda ykkur öllum á, að "flokkurinn" gæti alveg eins kallað "Passið ykkur á kommúnistunum", því í raun er flokkurinn" að ganga erinda and-kommúníska afla. Engin veit betur en "KFI/ML" hversu gjörsamlega ófær "flokkurinn" er um að gegna skyldum raunverulegs kommúnísk flokks, og því kýs hann að reyna að ata þau samtök aur sem í æ ríkara mæli axla skyldur slíks flokks. En í leiðinni ræðst hann gegn öllu framsæknu starfi á Íslandi. Ég skrifa ykkur þessar línur til að vekja athygli á þessu and-kommúníska viðhorfi "KFI/ML". - En jafnframt er ég fullviss um, að sú alda framsækinnar baráttu sem rís æ hærra í dag mun sópa "gerfikommum" eins og "KFI/ML" til hliðar. Það er nefnilega ekkert pláss fyrir þá.

- Lifi EIK(m-l).
- Lifi baráttan fyrir stofnun nýs kommúnistaflokks!

Baráttukveðjur
Grímur

DEILUR Í HEIMSHREYFINGU...
framhald af baksíðu.

ir eignarrétti sínum á auðæfum. Hvar hefur þessi afstaða gagnvart fólki af öðrum þjóðflokkum komið fram áður? Lesandinn er beðinn að leita á sömu mið og áður, þ.e. til áranna um og fyrir II.heimsstyrjöld.

Nú er staðreyndin hinsvegar sú að langstærsti hluti þeirra kínverja, sem flúið hafa Víetnam, kemur frá Norður-Víetnam, en þar hefur verið, að sögn víetnama, sósíalismi í um 2o ár og sósíalíska eignaskipanin í þjóðfélaginu löngu í garð gengin.

Önnur röksemd er sú að víetnömsk yfirvöld segja að kínversk yfirvöld hafi komið þeim orðrómi á kreik meðal kínverja í Víetnam, að Kína hyggi á innrás í Víetnam og allir þeir kínverjar sem ekki komi sér heim til Kína þegar í stað verði álitnir föðurlandssvikarar. Þess vegna flykkjast kínverjar í Víetnam til Kína - til að sleppa við að verða álitnir föðurlandssvikarar! !

Víetnam í Comecon.

Nýlega varð Víetnam fullgildur meðlimur í efnahagsbandalagi A-Evrópu, Comecon. Þeir sem til þekkja um mál A-Evrópu, þekkja hlutverk Sovétríkjanna í Comecon. Sovétríkin nota Comecon til að hirða framleiðslu hinna og til að tryggja sér alger yfirráð í efnahagslífi hinna ríkjanna. Aðild Víetnam að Comecon staðfestir einvörðungu yfirráð Sovétríkjanna yfir efnahagslífinu í Víetnam.

Hvar eru byltingarsinnarnir?

Að lokum. Á meðan á stríðinu gegn bandarísku heimsvalda stefnunni stóð voru margir byltingarsinnar í forystu fyrir Þjóðfrelsisfylkingunni í S-Víetnam og Bráðabirgðabyltingarstjórninni í S-Víetnam. Til þessara félaga hefur ekkert spurst.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK(m-l)
Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á giró 12200-9

ÁBYRGÐARMAÐUR : ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 2500
1/2 árs áskrift: kr. 1500
Til útlanda: kr. 4000
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÓÐINSGÖTU 30, Pósthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
V/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

EIK(m-l) í Reykjavík:

Sjö kappræðufundir i haust og vetur

EIK(m-l) hafa nú skipulagt kappræðufundi um margvísleg efni í haust og vetur. Af þessu tilefni snéri Verkalýðsblaðið sér til formanns EIK(m-l), Ara T.Guðmundsson, og bað hann að upplýsa lesendur VBL um fundina.

Sagði Ari að tilgangurinn með fundunum væri sá að gera ljósar andstæðar skoðanir kommúnista og margs konar stjórnmálamanna. Myndu æ fleiri sannfærast um að stefna og afstaða kommúnista er rétt ef hinar ólíku skoðanir tækjust á. Einnig væri algengt að andstæðingar EIK(m-l) rökræddu sjaldan við félaga samtakanna og aðra og væru fundirnir ein leið til að kippa því í betra horf.

VBL spurði formann EIK(m-l) um tilhögun fundanna. Svaraði hann því til að samtökin legðu til einn framsögumann, en á móti væri andmælanda boðið til leiks, en hann gæti hvort sem er verið úr pólitískum flokki eða ekki. Hefðu báðir jafn langan ræðutíma eða einu sinni 3o mín. og svo þrisvar sinnum 5 mín. Að öðru leyti væru umræður frjálsar fundargestum, þó með tímamörkum. Milli framsöguerinda og umræðna yrði skotið einu skemmtiatriði, en það yrði í umsjá skálds eða listamanns, er boðið væri til fundarins.

Aðspurður um tímasetningu fundanna og efni sagði Ari að þeir yrðu allir haldnir að Hótel Esju, 2.hæð á fimmtudögum kl.2o.3o sem hér segir: 5.október, 9.nóvember, 7.desember, 18. janúar, 15.febrúar, 15.mars og 12.apríl.

Aðgangseyrir verður 1oo-2oo kr. , uppí leigu salarins.

Tveir fyrstu fundirnir fjalla um sameiningu ísl. kommúnista í einn flokk (5.okt.) og um átökin í NA-Afríku, Eritreu og víðar (9.nóv.). Til fyrri fundarins hafa EIK(m-l) boðið fulltrúa "Kommúnistaflokks" Íslands/ML, en til þess síðara fulltrúa "Baráttuhreyfingar gegn heimsvaldastefnu" Ekki er enn vitað hvort þessi samtök taka áskoruninni, en þau ættu vart að geta skorast undan henni.

Síðar verða fundir um stefnu Alþýðubandalagsins, um Kampútseu (Kambódíu), um afstöðuna til Kína, um kvennabaráttuna á Íslandi o.fl.

"Ég skora á lesendur VBL og reyndar alla þá sem eru forvitnir um hin kommúnísku samtök að sækja þessa fundi. Þetta verða líflegir fundir og menn geta komið fram með afstöðu sína eða beint fyrirspurnum til frummælenda", sagði Ari T.Guðmundsson, formaður EIK(m-l) að lokum.

VBL mun gera grein fyrir fundunum og efni þeirra, framsögumönnum og listamönnum á komandi mánuðum.

21. ágúst LIÐSFUNDUR

Starfinu ekki lokið

Þann 3o ágúst s.l. var haldinn liðsfundur í 21.ágústhreyfingunni að Hótel Esju. Fundarefni var mat á aðgerðum og starfi hreyfingarinnar, fjármálauppgjör og ákvörðun um framhald hreyfingarinnar.

MAT Á STARFINU

Formaður hreyfingarinnar hélt framsögu þar sem hann tók fyrir mat á starfi hreyfingarinnar. Síðan hélt fulltrúi skemmtinefndar í framkvæmdarnefndinni framsögu um aðgerðir dagsins og mat á þeim. Verður síðar gerð nánari grein fyrir þessu mati, en meginniðurstaðan var sú að þrátt fyrir minni háttar villur og mistök hefði starf hreyfingarinnar í ár verið stórt stökk fram á við í andheimsvaldasinnaðri baráttu og stuðningsstarfi við alþýðuna í Tékkóslóvakíu.

FJÁRMÁL

Stutt framsaga var haldin um fjármál. Kom fram í máli framsögumanns að rekin hefði verið "bjartsýn og um leið raunsæ" fjármálastefna, miklu hefði verið vogað og hátt stefnt. Velta hreyfingarinnar varð um heil milljón, og er það mjög miklu meira en lagt hefur verið út í í fyrri baráttusamfylkingum af svipaðri gerð. Hér fylgir stutt yfirlit yfir fjármálin:

Gjöld:

1.Auglýsingar	188.25o
2.Dreifirit	75.9oo
3.Plakat	27.72o
4.Bæklingur	18.888
5.Kostnaður við fundi	9o.5oo
6.Gosdrykkir	37.9o4
7.Annað	42.856
Samtals	482.o18

Tekjur:

1.Happdrætti	17o.ooo
2.Bæklingur	6o.ooo
3.Merkjasala	7o.ooo
4.Safnanir, styrkir og plakatasala	188.844
Samtals	488.844

Tekjuafgangur:
3o.8.1978 ..... 5.826
(Liðir í tekjudálki eru að nokkrum hluta áætlaðir)

FRAMHALD STARFS

Framkvæmdarnefnd 21.ágústhreyfingarinnar lagði til að starf félli ekki niður með þessum fundi, heldur yrði í kringum 1.október farið af stað með námshringi um Tékkóslóvakíu, A-Evrópu og heimsástandið. Það yrði síðan námshringjanna að ákveða, hvort meira yrði að gert að sinni, s.s. útgáfa bæklings eða fundaröð. Í vor yrði síðan snemma hafist handa og þá hafin undirskriftasöfnun meðal landsmanna gegn hernámi Sovétríkjanna á Tékkóslóvakíu. Varð þetta niðurstaða liðsfundarins.

Framkvæmdanefnd hafði upphaflega aðeins verið kosin til að sinna 21.ágúst í ár, og var því umboð hennar úti. Í hana voru á fundinum kosnir tveir liðsmenn hreyfingarinnar, Trausti Hauksson, s.84591, og Gísli Hjaltason, s.19393, en jafnframt ákveðið að fleiri áhugamenn mættu gjarna taka sæti í henni. Eru þeir þá beðnir að hafa samband við annan hvorn ofangreindra. Fráfarandi framkvæmdarnefnd lofaði einnig að vera hinni nýju innan handar, til að byrja með.

DEILUR Í HEIMS HREYFINGU MARX-LENÍNÍSTA

VÍETNAM

Deilurnar í heimshreyfingu marx-lenínista, sem sagt var frá í síðasta verkalýðsblaði, hafa nú enn skerpst. Kínverjar hafa neyðst til að hætta allri efnahags- og tækniaðstoð við Albaníu og forysta Flokka Vinnunnar í Albaníu og albanska stjórnin hafa gefið út opið bréf til Kommúnistaflokks Kína. Í því er Kommúnistaflokkur Kína harðlega gagnrýndur fyrir ýmsar sakir svo og forysta flokksins, sér í lagi Mao Tsetung og Sjú En-lai. Verður gerð nánari grein fyrir þessu í næsta Verkalýðsblaði. Hér verður gerð grein fyrir ástandinu í Víetnam og afstöðu víetnamskra yfirvalda til málanna.

Í 13.tbl. Verkalýðsblaðsins var því haldið fram að Víetnam væri ekki sósíalískt ríki. Þetta hefur e.t.v. komið einhverjum á óvart. Verkalýðsblaðið vill því rökstyðja þessa staðhæfingu.

Stuðningur við heimsvaldasækni.

Allt frá því 1964 hafa Sovétríkin aukið mjög ítök sín í Víetnam, en fyrir þann tíma veittu þau Víetnam enga aðstoð. "Aðstoðin" frá Sovétríkjunum var ekki án skilyrða, heldur fylgdu henni jafnan harðir kostir. Afleiðinga þessa mátti fljótlega sjá í stefnu víetnamskra leiðtoga.

Í utanríkismálum nægir að benda á þrjú dæmi um hvernig Víetnam þjónar hagsmunum Sovétríkjanna:
-Víetnam studdi innrásina í Tékkóslóvakíu og hernám landsins.
-Víetnam studdi sovésk-kúbönsku íhlutunina í Angólu.
-Víetnam styður fasíska stjórn Mengistus í Eþíópíu og tilraunir hennar til að bæla niður frelsishreyfingar Erítreu.

Víetnam háð Sovétríkjunum.

Sovétríkin reyna á alla lund að hefta uppbygginguna í Víetnam, að hún gerist á grundvelli þess að Víetnam sé sjálfu sér nægt. Öll tækniþekking og æðri menntun er sótt til Sovétríkjanna og A-Evrópu. Erlendar fjárfestingar eru skipulagðar af yfirvöldum og 1977 voru sett lög til að greiða sérstaklega fyrir fjárfestingum "sósíalískra bræðraríkja" - m.ö.o. Sovétríkjanna og leppríkja þeirra.

Matvælaframleiðslan er í lamasessi og fullnægir alls ekki þörfunum, svo að víða liggur við algerri hungursneyð, þrátt fyrir mikinn innflutning á korni. Til samanburðar má nefna, að á þeim þrem árum sem liðin eru frá sigrinum yfir bandarísku heimsvaldastefnunni í Indókína, hefur nágrannaríkið Kamputsea náð þeim árangri að gera betur en að fullnægja þörfum landsmanna fyrir matvæli, þar er farið að flytja út hrísgrjón í litlum mæli. Tvennskonar pólitískar stefnur leiða til tvennskonar árangurs. Víetnam er háð risaveldinu Sovétríkjunum með matvæli til að brauðfæða íbúana á meðan nágranninn Kamputsea stendur á eigin fótum og bjargar sér sjálfur.

Víetnam útvörður Sovétríkjanna í SA-Asíu.

Í Víetnam eru vísar að sovéskum herstöðvum. Í nýlegum fréttum frá Kamputseu segir að margar sovéskar herstöðvar séu í byggingu í Víetnam. Þrátt fyrir að stríðinu gegn bandarísku innrásarseggjunum sé lokið hefur ekki fækkað í her Víetnam, þvert á móti, þá hefur her Víetnam fært sig yfir stærra svæði í Indókína. T.d. er um 4o.ooo manna víetnamskt herlið í Laos - fjölmennara en allur eigin her Laos. Hvers vegna þetta lið í Laos, hver er tilgangurinn?

Víetnömsku ráðamennirnir hafa dregið fram í dagsljósið gamlar hugmyndir um stofnun "Indókínversks sambandsríkis" sem tekur til Víetnam, Laos og Kamputseu. Þessar hugmyndir eru nú bornar á borð með sovésku innihaldi, þ.e. "einn flokkur, eitt land, ein þjóð". Lesandinn getur fundið samlíkingu með þessu í Evrópusögunni í og fyrir II.heimsstyrjöldina. Þessari stefnu fylgja víetnömsku valdhafarnir eftir með 4o.ooo manna herliði í Laos og sífelldum árásum sínum á Kamputseu.

Ofsóknir gegn kínverjum í Víetnam.

Kínverska þjóðarbrotið í Víetnam á sér langa sögu. Í stríðinu gegn bandarísku heimsvaldastefnunni og þar á undan gegn frökkum og japönum, börðust kínverjar í Víetnam við hlið samlanda sinna. Frelsun Víetnam var einnig þeirra frelsun. Tengsl kínverska þjóðabrotsins í Víetnam við frelsisbaráttuna í Kína fyrir 1949 og við Alþýðulýðveldið Kína eftir 1949 hafa alltaf verið mikil og meiri en víetnama sjálfra, þar sem kínverjarnir hafa haldið við eigin tungu og menningu. Fyrir þeim var fræðsla um Kína og kenningar Mao Tsetungs eðlilegur hlutur og ríkur liður í vitundarvakningu þeirra og viðhaldi eigin menningar. Kínverjar í Víetnam tóku því af alefli þátt í sósíalísku uppbyggingunni í Víetnam.

Þegar tengsl víetnamskra ráðamanna og Sovétríkjanna tóku að eflast á seinni hluta sjötta áratugsins hófst barátta gegn kínverska þjóðarbrotinu í formi þess að brjóta niður þjóðleg séreinkenni þess. Kínverjum var bannað að læra kenningar Mao Tsetungs og þeir voru neyddir til að taka víetnamskan ríkisborgararétt. Jafnvel var þeim meinað að læra kínversku.

Ofsóknirnar gegn kínverjum í Víetnam eru beinar ögranir við Alþýðulýðveldið Kína, enda er það orðið augljóst núna þegar kínverjar eru þúsundum saman reknir úr landi yfir til Kína. Víetnamar neita Kína leyfi til að veita kínverjum í Víetnam aðstoð, t.d. flutning á skipum til Kína, í stað þess er fólkið rekið undan byssustingjum yfir landamærin.

Röksemdir víetnama fyrir þessum landflótta eru afar léttvægar. Þeir segja t.d. að þeir kínverjar sem flýi land geri það af því þeir séu á móti sósíalísku uppbyggingunni, þeir hafi verið kaupmenn og fjárplógsmenn o.s.frv., sem ekki hafi þolað að verða svift-

framh. á síðu 7

Ný stjórn... Framhald af forsíðu.

2) Allnokkur hópur alþýðufólks, sem hefur laun yfir 233 þús. , á ekki að fá greitt kaup samkvæmt samningum (A.m.k. hluti kennara er í þessum hópi og eins og fólk veit, eru t.d. 25o þús ekkert til að hrópa húrra yfir, ef fjölskylda á að lifa af þeim launum, að frádregnum sköttum).
3) Það sem þegar hefur verið stolið af fólki, er óbætt, þ.e. verðlagsbætur frá þeim tíma, er bráðabirgðalögin voru sett.
4) Þrátt fyrir verðbætur minnkar kaupmátturinn, vegna þess að ýmsir mikilvægir kostnaðarliðir eru ekki inni í verðbótavísitölunni. Samningar til langs tíma eru því rangir, séð út frá hagsmunum verkafólks. Þess vegna er vitanlega rangt, að samþykkja framlengingu á kjarasamningunum, sem þar að auki voru síður en svo góðir þegar þeir voru gerðir. Framlegning gildistíma samningsins er einnig brot á frjálsum samningsrétti stéttarfélaganna.
5) Rétt er að benda á að beinir skattar eru ekki í verðbótavísitölunni. Því er ríkisvaldinu í lófalagið, ef "styrkja þarf stöðu atvinnuveganna", eins og það heitir á þeirra máli, að stórskerða kaupmáttinn með auknum skattaálögum og nýjum sköttum, án þess að það komi fram í verðbótum, eða með öðrum orðum, að taka milljarða króna úr vasa vinnandi fólks og stinga þeim í vasa atvinnurekenda.
6) Hvar á að taka það fé sem renna á til "atvinnuveganna"? Yfirleitt hefur það verið tekið frá alþýðu manna og litlar líkur á að brugðið verði frá því nú. Í samstarfsyfirlýsingunni er m.a. talað um eyðsluskatt og samdrátt. Ekki er enn ljóst, hvað nákvæmlega er átt við, en ekki er ólíklegt, að átt sé við eyðsluskatt af nauðsynjum, öðrum en matvælum og samdrátt í félagslegri þjónustu (dagheimili, heilbrigðisþjónusta o.fl.) fyrst og fremst, því yfirleitt er ráðist á þá þætti, þegar ríki og sveitarstjórnir þurfa að spara.

AÐ SELJA SJÁLFAN SIG

Nýja ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu ekki hrófla við undirstöðum untanríkisstefnunnar. Mikilvægasta atriðið er úrsögn úr NATO og brottför hersins. Þar verður ekkert gert og afsakað með "mikilvægi efnahagsmálanna". Athyglisvert er að sjá hvernig Abl. hefur sýnt enn betur en áður að það er ekki neinn bakhjarl herstöðva andstæðinga og kann að selja sig fyrir ráðherrastóla eins og ávallt áður.

AFSTAÐA VERKALÝÐSFORINGJANNA

Allur þorri verkalýðsforingjanna, flestir úr Abl. og Alþýðuflokki fagna tilvonandi árásum stjórnvalda á vinnandi fólk. Frasinn "vinstri stjórn" er notaður til að hylja raunverulegar kjaraskerðingar og stjórninni og atvinnurekendum lofað "vinnufriði", þótt stefna hennar sé nær því sú sama og þeirrar síðustu, sem sagt var mátt-laust stríð á hendur. Þeir sem helst malda í móinn í verkalýðsforystunni eru sjálfstæðismenn, sem samþykktu árásir síðustu stjórnar á vinnandi fólk. Þannig reka þeir samskonar svikastefnu, hvort sem þeir tilheyra Alþýðubandalagi eða Sjálfstæðisflokki. Verkalýðsblaðið mun gera "vinstri" stjórninni og málefnasamningi hennar betri skil í næsta tbl.

Framkvæmdarnefnd
miðstjórnar EIK(m-l).